

Söngvar Hugleiks



8/1 2006

FORMÁLI

Árið 1996 var gefið út heftið „Söngvar Hugleiks“, ritstýrt af Ármanni Guðmundssyni, Árna Hjartarsyni og Fríðu B. Andersen. Heftið innihélt söngva úr leikritum Hugleiks 1984-1994.

Þegar vefur Hugleiks var opnaður á 20 ára afmælishátíð félagsins í apríl 2004 var þar inni nokkuð af söngtextum, og mæltist það þegar vel fyrir. Fljótlega var ráðist í að fylla í eyðurnar og í framhaldinu var tekið upp á því að koma ekki aðeins textunum, heldur einnig nótum að sönglögum á tölvutækt form. Ætlunin með þessu er að á vefnum sé eftir því sem kostur er á hverjum tíma að finna flest eða öll lög og texta Hugleiks. Þetta hefti er búið til sjálfvirkt úr þeim textum og lögum sem skráð hafa verið á hverjum tíma. Því nægir ekki að sýna á forsíðunni útgáfuár, heldur þarf þar dagsetningu, því það er eins víst að á morgun verði í heftinu einu laginu meira eða einni villunni færra. Þess er vænst og óskað að sem flestir leggi hönd á plóginn og hiki ekki við að senda lensherra@hugleikur.is leiðréttingar og efni sem kann að vanta.

Öllum er heimilt að hafa þessa texta um hönd, syngja þá, kveða eða mæla af munni fram, bæði í einrúmi og meðal fjöldans. Þeir sem vilja snúa þeim upp á vini sína eða óvini gæti þess vel að hrynjandi haldist og ljóðstafir fari vel.

„Syngjum, syngjum öll!“

Höfundar laga og texta

Anna Kristín Kristjánsdóttir (AK)

Ármann Guðmundsson (ÁG)

Árni Hjartarson (ÁH)

Björn Thorarensen (BT)

Eiríkur Árni Sigtryggsson (EÁ)

Hjördís Hjartardóttir (HH)

Jón Daníelsson (JD)

Magnús Grímsson (MG)

Snæbjörn Ragnarsson (SR)

Sævar Sigurgeirsson (SS)

Unnur Guttormsdóttir (UG)

Þorgeir Tryggvason (ÞT)

Þórunn Guðmundsdóttir (ÞG)

Ýmsir söngvar

Þjóðsöngur Hugleiks

$\text{♩} = 100$

Þeg - ar ég finn af þess - u bragð, þá fer mér að hlýn -
a, eins og þú legðir ir ull - ar - lagð of - an á sál - u mín -
- a, eins og þú a.

Þegar ég finn af þessu bragð
þá fer mér að hlýna,
eins og þú legðir ullarlagð
ofan á sálu mína.

Situr einn og segir frá,
sveitist við að ljúga.
Annar hlustar hrifinn á
og hamast við að trúá.

Sitja þar við sama borð
sex, og enginn lýgur.
Skemmtilegt og skrytið orð
er Skólavörðustígur.

Dragðu ekki...

Dragðu ekki það að leika þar til þú eldist
því að þá kannski upp af hrekkurðu heldur skjótt
og hefur hreint aldrei leikið neitt.

Taktu heldur því sem þér að höndum ber,
það þýðir ekki um að fást.
Þú mátt aldrei láta mæðu sækja sinnið á
né súta yfir von sem brást.

Dragðu ekki það að skrifa, smíða, mála, sauma, lýsa, hvísla, leikstýra... (eftir smekk og aðstæðum)

Dagar deyfa...

Fljót er nóttin, dagar deyfa
dimman færast yfir geim.
Undir Blesa skröltir skeifa
skyldi hún ekki tolla heim.

Bónorðsförin

Farðu í enda

Eiríkur Árni Sigtryggsson

♩ = 90



Farð' í end - a, farð - u! Flærð-ir eng - ar spar'ðu uns þú sér við end _ ir, hvar



lend - ir!

Farðu' í enda, farðu!
flærðir engar spar'ðu;
uns þú sér við endir,
hvar lendir!

Það er úti' um Þrúði,
þá færðu' aldrei brúði,
enda þó þú ælir
og vælir.

Eins mun Guðný unna
aldrei slíkum klunna,
bakið vona' ég hún brjóti
á þrjóti.

Ráðlegt er að reyna
rekk ódrukknum meyna,
er hann vill að unna
sér kunní.

Bónorðsförin Bjarna
búin er sú arna.
Hún er til að hjala' um
og skjala.

Brugðist hefur Bjarna
bogalistin svarna.
Hlusta' ég uns ég heyri
frá Eyri.

Fylla bú mitt kosta kjör

Eiríkur Árni Sigtryggsson

♩ = 90

C Dm7 Cdim G7
 Bý ég sveit - a sókn - um í, sil - ungs hvar eð á deil - ir völl - um væn - um;
 C Dm7 Cdim G7 C7 5 Dm
 hvar eð fjöll - in hærr - i en ský hlíf - a kost - a - rík döl - un - um græn - um. Sauð - fé um
 G7 Cmaj Dm6 E7 Am 10 Dm
 fagr - a hlíð flokk - um geng - ur, en síð - spen - ar baul - ur um bakk - a. Yrk - i ég tún og
 G7 Cmaj Dm6 E7 Am C6 15 C
 eng - i fríð ax ___ i jafn ___ val - ið hey ber í stakk - a. Fyll - a bú mitt kost - a kjör:
 Dm7 Cdim G7 C
 kjöt, ull, hvít - a, flot ___ og ___ smjör. ___ Af - leif kvitt - ar kostn - að - inn;
 Dm7 Cdim G7 C7 Dm 20 G7 Cmaj
 kát - ur un - a við hag skal ég minn. Sauð - féð um fagr - a hlíð flokk - um geng - ur en
 Dm6 E7 Am C
 síð - spen - ar baul - ur um bakk - a. Fyll - a bú mitt kost - a kjör:
 25 Dm7 Cdim G7 C
 kjöt ull, hvíta flot ___ og ___ smjör. ___ Út - lönd gæð - i met - a mín,
 Dm7 Cdim G7 C
 mjög þeim býtt - a ég við hagn - að og vín. ___

Bý ég sveita sóknum í,
 silungs hvar eð á deilir völlum vænum;
 hvar eð fjöllin hærrí en ský
 hlífa kostarík dölunum grænum.

Hvar sauðfé um fagra hlíð
flokkum gengur, en síðspenar baulur um bakka,
yrki' ég tún og engi fríð
axi jafn valið hey ber í stakka.

Fylla bú mitt kosta kjör:
kjöt, ull, hvíta, flot og smjör.
Afleif kvittar kostnaðinn;
kátur una við hag skal ég minn.

Sauðféð um fagra hlíð
flokkum gengur en síðspenar baulur um bakka.
Fylla bú mitt kosta kjör:
kjöt ull, hvíta flot og smjör.
Útlönd gæði meta mín,
mjög þeim býtta' ég við hagnað og vín.

Mundu eptir mér

Eiríkur Árni Sigtryggsson

♩ = 90

Musical score for the song "Mundu eptir mér" by Eiríkur Árni Sigtryggsson. The score is written in 2/4 time with a tempo of 90 beats per minute. It consists of three staves of music with lyrics in Icelandic. The first staff has a tempo marking of ♩ = 90. The second staff has a tempo marking of ♩ = 90. The third staff has a tempo marking of ♩ = 90. The lyrics are: "Já mund-u ept-ir mér, sem man þig all - a dag - a og unn-ir ein - um þér. Einn-i ann ég þér, all - a mín-a dag - a! Mund-u ept-ir mér, sem man þig all - a dag - a!"

C Em F C 5 G D7

Já mund-u ept-ir mér, sem man þig all - a dag - a og unn-ir ein - um

G Dm7 G7 Cmaj 10Fmaj Dm6

þér. Einn-i ann ég þér, all - a mín-a dag - a! Mund-u ept-ir mér, sem

E7 Am

man þig all - a dag - a!

Já mundu eptir mér
sem man þig alla daga,
og unnir einum þér.
Einni ann ég þér,
alla mína daga!
Mundu eptir mér,
sem man þig alla daga!

Bónorðsfararlok

Eiríkur Árni Sigtryggsson

♩ = 80

Ekk - i verð - ur allt með auð - i feng - ið: gull - i gló - and - a né
ger - sem - a fjöld. Ei verð - a ást - ir ó - spilltr - a meyj - a silfr - i seld - ar, þó
sé - legt þyk - i.

Ekki verður allt
með auði fengið:
gulli glóanda
né gersema fjöld.
Ei verða ástir
óspilltra meyjja
silfri seldar,
þó sélegt þyki.

Opt eru atvik
einnar stundar
aflmeiri öllu,
en íta ráð.
Ræður ekki maður
þó ráða virðist
forlaga flugi
firða lífs.

Ást, sem er byggð
á elsku hins góða,
og virðingu fyrir
því, er vel sæmir,
sterkust er alls
í stundaheimi;
sigrar hún æ,
þó síðar verði.

Sálar Jónanna

Húsgangur

Eistnapung ég elska af rót,
eins þótt hann sé loðinn,
hann hefur veitt mér besta bót
bæði hrár og soðinn.

**Um hið átakanlega, sorglega og dularfulla
hvarf ungu brúðhjónanna Indriða og Sigríðar
daginn eftir brúðkaupið og leitina að þeim**

Undanfari tilhugalífs

Augnatillit ósköp lítið,
upphaf kannski að meiru er.
Handaband í lengra lagi
lofar ýmsu sýnist mér.
Allt er opið um áframhaldið
óvissa sem vera ber.
Mig langar áður en lengra er haldið
líttilega að kynnast þér.

Við ræðum allt sem engu skiptir:
aksturslag og berjamó.
Læðist titringur um taugar,
tekst mér samt að halda ró.
Í augu þín má ég ekki líta
án þess að verða um og ó.
Þar er komið, að mér þykir
þetta ekki nærri nóg.

Húsmæðrafræði

Árni Hjartarson

♩ = 100

Kon - ur verð - a margt að kunn___ a: af kær - leik hugs - a um heim - ið,

5 bald - er - a og börn - um sinn___ a og bónd - ans girnd - um hald - a við.

Var - ast skal ___ því ___ verst má telj___ a að ver - a mik - ið út á við.

Heim - a ver - a, hár - ið snyrt___ a og hugs - a mest um út - lit - ið, út - lit - ið.

Konur verða margt að kunna:
af kærleik hugsu um heimilið,
baldera og börnum sinna
og bóndans girndum halda við.
Varast skal því verst má telja
að vera mikið út á við
en heima vera, hárið snyrta
og hugsu mest um útlitið.

Eins er gott að gleðja maka
með góðum, heitum kvöldverði,
í desert rjóma-döðlukaka,
dálðið nýtt og spennandi.
Börnin í ró og búið að taka
blúnduteppi af sænginni.
Svo með vænum manni vaka
og vera svoldið eggjandi.

Búnaðarbálkur

Árni Hjartarson

♩ = 125

A D A D Bm E A

Dögg - vott gras á deg - i ár - la, dal - ur sef - ur, allt er hljótt.

D A E A

Geng ég hér í gleð - i minn - i: geml - ing - ur__ inn__ bar í nótt. Með

C#m F#m 10C#m F#m C#m F#m E A

söng í hjart__ a, sól í sinn',__ í sál - u minn-i er kyrrt og rótt. Ég

C#m F#m B E 15A D E A

lík - i ei sam__ an feg - urð__ fljóð__ a og fíf - il - sprot__ a á lamb - hús - tóft.

C# F#m E A D 20 E A

Tra - la - la - la - la - la la - la - la - la - la Heið - gul - um fíf - il - sprot' á lamb - hús - tóft.

Döggvott gras á degi árla,
dalur sefur, allt er hljótt.
Geng ég hér í gleði minni:
gemlingurinn bar í nótt.
Með söng í hjarta, sól í sinni,
í sálu minni er kyrrt og rótt.
Ég líki ei saman fegurð fljóða
og fífilsprota á lambhústóft.
Tralalala...
Heiðgulum fífilsprota á lambhústóft.

Morgunstund um móa ganga,
mikla unum telja ber.
Finna strjúkast við sinn vanga
vorþey blíðan & leika sér.
Láta dátt að litlu lambi,
lóuhóp við augu ber.
Gott er að búa í góðu landi,
góður Guð, ég þakka þér.
Tralalala...
Elsku hjartans góði Guð, ég þakka þér.

Ráðskonan á Svartagili

Árni Hjartarson

♩ = 90

Ráðs - kon - an á Svart - a - gil - i sef _____ ur, úr - í - a dúr - í - a,
 sín - um draum - um margt að stúss - a hef _____ ur. Bí - um, bí - um,

úr - í - a dúr - í - a, dill - i - dó. _____ Í bamb - a - ló. _____ Í púss - i henn - ar
 bí - um, bí - um,

10 píf - u - svunt - an hvít _____ a. Abb - a labb - a, abb - a labb - a, labb - a - ló. Og
 15

pönn - u - kök - u - upp - skrift má þar lít _____ a. Ár - i minn kár - i, ár - i minn kár' og
 20

Am korr - i - ró _____

Ráðskonan á Svartagili sefur,
 úría dúría, úría dúría, dillidó.
 Í sínum draumum margt að stússa hefur.
 Bíum, bíum, bíum, bíum, bambaló.
 Í pússi hennar pífusvuntan hvíta
 Abba labba, abba labba, labbaló.
 Og pönnukökuuppskrift má þar líta.
 Ári minn kári, ári minn kári og korriró.

Við nú blasa bjartir, fagrir dagar,
 úría dúría...
 Bóndinn ungi starfar margt og lagar.
 Bíum bíum...
 Ljósið skín á línið hvítt og strokið.
 Abba labba...
 "Lilja dalsins" hefur störfum lokið.
 Ári minn kári...

Í húmi nætur halda þau til hvílu,
 úría dúría...
 Hamingjusöm og ekki í neinni fýlu.
 Bíum bíum...
 Allt í góðu standi úti og inni.
 Abba labba...
 Unaður og friður þeim í sinni.lokið.
 Ári minn kári...

Tryggðaspjöll

Árni Hjartarson

♩ = 100

Þau spáðu ei spörð - in í og spör-uð - u sér svo að les' í kaff-i -
boll-ann. Þau gáðu ei grannt að því, hvað gaml-a þul-i dreynd-i út um borg og
bý. Þau töld - u ekk - i tungl - in öll og tók-u reynd-ar ekk - i held-ur
skeyt ___ in. Þau lukt - ust í hamr - a höll. Þau hlut-u dóm sinn fyr-ir tryggð-a -
spjöll.

Þau spáðu ei spörðin í
og spöruðu sér svo að lesa í kaffibollann.
Þau gáðu ei grannt að því,
hvað gamla þuli dreymdi út um borg og bý.

Þau töldu ekki tunglin öll
og tóku reyndar ekki heldur skeytin.
Þau luktust í hamra höll.
Þau hlutu dóm sinn fyrir tryggðaspjöll.

Raunir rekja þeir og Reynistaðabræður berja alltaf lóminn.
Krúnka krummar tveir
og kindur fennir – hrossin þola varla meir.

Þau töldu ekki tunglin öll...

Lokavers

Texti

Hjördís Hjartardóttir

Lag

Árni Hjartarson

Áfram tímans hjólið tifar
tunglið skín á fjallasal,
okkar fólk mun ánægt lifa,
una hér í þessum dal.
Það gengur saman glatt til verka
gerir það sem gera skal,
engum mun það auði safna,
ávallt hafa léttan mal

Þess er auðna, góðir gestir,
gæfan mest í raun er sú
á sumri, vetri, vori, hausti
vera yfir litlu trú.
Það eitt tryggir, trúa megið,
torvelda að komast brú
til himna og þar í herrans nafni
heldur snoturt eignast bú.

Ingveldur á Iðavöllum

Upphafssálmur

Texti

Jón Daníelsson

Drottinn, vort skjól og helsta hlíf
mót hafis og fornum tröllum.
Gef þú oss öllum eilíft líf
í þínum náðarhöllum.
Upp rennur óskastund,
eignist ég góðan hund
og hest í himnaferð,
háleitur smali verð
á ódáins Iðavöllum.

Stjarnan

Árni Hjartarson

♩ = 100

Í storm-um lífs míns stjarn-a skín, sú stjarn-a hvarf mér ekk' úr
sýn, þótt villt-ist ég um ó-kunn lönd og átt-hag-ann-a leyst-ust
bönd. Er kól-g-u-bakk-ar blés-u kalt, í brim-sköfl-un-um skip mitt
valt; og vit-ar hurf-u, leið og lönd, hún lýst-i mér að fjarð- ar-strönd.

Í stormum lífs míns stjarna skín,
sú stjarna hvarf mér ekk' úr sýn,
þótt villtist ég um ókunn lönd
og áttthaganna leystust bönd.

Er kól-gubakkar blésu kalt,
í brimsköflunum skip mitt valt;
vitar horfnir, leið og lönd,
hún lýsti mér að fjarðarströnd.

Þótt vetrarbrautin bliki öll
og bruni tungl um skýjahöll
og norðurljósinn dansi dátt
ég dreyminn horfi í aðra átt.

Þótt Óríón með beltið breitt
og brugðið sverðið stiki greitt
og veiði á himni villifé,
ég vinu mína eina sé.

Man ég vöglaða vinda

Árni Hjartarson

♩ = 90

A C#m D A 5D A

E7 A 10C#m D A

D A 15E A FINE Am E

Am 20D Am E Am E

25 Am D B E D 30G

E A D.C.

Man ég vöglaða vinda
um vellina fara svo létt,
kvöldrjóðar hlíðar og háfjallatinda,
hestana taka á sprett.
Við stefndum öll niður að nausti,
nóttin þar beið okkar löng.
Fiðlan var strokin, — við stigum í dans
við strengjanna dillandi söng.

Við ströndina hafmeyjahópur
heillaður vatt sér í dans,
marbendlar lyftu sér löðrinu úr
í lokkandi gleðifans.
Man ég hve margir þá hurfu;
Maggi og Stína inn með sjó,
Inga og Skúli í skóginum týndust,
en Skaft svaf vært úti í mó.

Man ég er tvö ein við ýttum
árabátnum frá möl,
man ég hve ástleitnar Ægisdætur
undurblítt struku um kjöl.
Alla tíð er ég síðan
ókunnan reika um stig
og hlusta á ölduna hvísla við sand,
hjarta mitt þráir þig.

Man ég er morgunsólin
merlaði á haf og jörð
og fiðlunnar síðasti tregatónn
titrandi barst út á fjörð.
Menn söðluðu fákana fráa
og fóru brott smáhópum í
og aftur hófst daganna litlausa líf
uns lokkaði dansinn á ný.

Illar tungur

Texti

Árni Hjartarson

Lag

Árni Hjartarson

Augnagotur elta mig,
illar tungur særa mig,
en bráðum kemur betri tíð,
burt ég fer um höfin víð.

Ég kræki í mann sem grefur gull,
góða jörð og hvíta ull,
svarta þræla, kýr og krá
þar kúrekarnir fljúgast á.

Sálmur Annanna tveggja

Texti

Jón Daníelsson

Ó, gefið gaum að honum,
sem glæðir lífið vonum.
Hann gefur góðar flíkur
og gull í Ameríku.

Hann gefur góðar jarðir
og glæstar sauðahjarðir
og gull og græna skóga
og garðávexti nóga.

Þið fáid fina sali,
flot og smér að vali
og sætan sykur líka.
Já, svona er Ameríka.

Á Iðavöllum

Árni Hjartarson

♩ = 125

A D A E A B E

5 Á Ið - a - völl - um ást - in mín ung - a hún sit - ur er birt - an dvín, en

A D E A F#m E A

jörð - in hægt um heims - ás - inn hall - ar vest - ur - hvel - i í skugg - ann sinn.

B E 10 B E A D

Ör - lag - a - vald - ur látt - u laus mín bönd og leyfðu - u mér að finn' han - a á

E A F#m E A

stjörn - u - strönd. Ör - lag - a - vald - ur látt - u laus mín bönd.

Á Iðavöllum ástin mín
unga hún situr er birtan dvín,
en jörðin hægt um heimsásinn hallar
vesturhveli í skuggann sinn.

Örlagavaldur láttu laus mín bönd
og leyfðu mér að finn' hana á stjörnuströnd.
Örlagavaldur láttu laus mín bönd.

Frjáls um eina óttustund
yfir hraun og gíga á hennar fund
ég fákum mínum legg á loftsins braut
og léttilega skeiða um himinskaut.

Örlagavaldur, láttu lausan taum
og leyfðu mér að finn' hana við stjörnustraum.
Örlagavaldur, láttu lausan taum.

Á Iðavöllum ástin mín
unga hún situr er birtan dvín.
Ég höndum strýk um hár og kinn
og hjúfra mig þétt upp við brjóstin stinn.

Örlagavaldur, ljúktu upp lásun þeim
og leyfðu mér að finn' hana í stjörnugeim.
Örlagavaldur, ljúktu upp lásun þeim.

Örlagavaldur

Árni Hjartarson

$\text{♩} = 80$

Ör - laga - vald - ur eft - ir - látt - u mér ást - in - a mín - a sím - a - skáld - ið sem

$\text{♩} = 150$

kem - ur svo oft og fer. Ég skal vera hon - um æ svo góð,

ég skal syngj' onum öll hans ljóð, ég skal vera svo feim - in og rjóð. Ör - lag - a - vald - ur

eft - ir - látt' ann mér.

Örlagavaldur eftirláttu mér
ástina mína símaskáldið sem kemur svo oft og fer.
Ég skal vera honum æ svo góð,
ég skal syngja honum öll hans ljóð,
ég skal vera svo feimin og rjóð.
Örlagavaldur eftirláttu hann mér.

Örlagavaldur, láttu hann yrkja um mig
agnarlítið kvæði í blöðin um stjörnuna sína og sig.
Ég skal vera honum æ svo kær,
ég skal vera honum ætíð nær
ég skal verða hans símamær.
Örlagavaldur, láttu hann yrkja um mig.

Örlagavaldur, óska mundi ég mér,
að hann vildi af mér þiggja bæði flot og smér.
Ég skal gefa honum góðmeti,
ég skal seðja hann á súrmeti,
ég skal gleðja hann með kúrketi,
Örlagavaldur, blanda honum sykur og ger.

Örlagavaldur, hvíslaðu í eyra hans
að það mundi alla gleðja, ef ég yrði hans.
Ég skal hugga hana Ingveldi,
ég skal klappa honum Ólafi,
ég skal hlæja við ráðsmanni.
Örlagavaldur, smalinn jafnar sig.

Örlogavaldur, ég á ekki skilið hrós.
Undir beltinu ber ég núna agnarpínkulítið ljós.
Láttu það verða lítinn dreng,
láttu hann eignast hamar og keng,
láttu hann leggja símastreng.
Örlogavaldur, ég þarf víst út í fjós.

Yndisferðir

Skálasöngur

Árni Hjartarson

♩ = 110



5 Upp með staup-in, upp með grín! Upp með bjór og brenn-i - vín!

10 Upp með hjart-a, upp með sál! Einn, tveir, þrír, fjór, skál!

15 Ef að þreytt ég sit að sumbl-i ___ sokk - in raun-ir mín-ar í.

20 Sé ekk' út úr sort ___ an - um er sagt að ráð-ið sé við því,

25 að finn-a fé - lag - an - a, sem full-ir dægr - in löng og ströng

sitj - a niðr - á hverf-is - krá og kveð - a þenn-an skál-a - söng.

Upp með staupin, upp með grín!
Upp með bjór og brennivín!
Upp með hjarta, upp með sál!
Einn, tveir, þrír, fjór, skál!

Ef að þreytt ég sit að sumbli sokkin raunir mínar í.
Sé ekk' út úr sortanum er sagt að ráðið sé við því,
að finna félagana, sem fullir dægri löng og ströng
sitja niðrá hverfiskrá og kveða þennan skálasöng.

Upp með staupin...

Sé ég ein og yfirgefin öll mín gleði fyrir bí,
enginn sefar sorg mína er sagt að ráðið sé við því,
að finna félagana, sem fullir dægri löng og ströng
á rassinum í Rúgbrauðsgerð raula þennan skálasöng.

Upp með staupin...

Auglýsingasöngurinn

Texti

Árni Hjartarson

Lag

Árni Hjartarson

Sértu orðinn leiður á suddanum og ruddanum
sílemjandi rigningu og íslensku tuddunum,
sértu orðinn þreyttur á soranum og gorinu
sé ég aðeins eitt sem getur kippt þér upp úr slorinu.
Yndisferðir, yndisferðir, yndisferðir á gjafverði!

Sértu orðinn æstur í suðræn lönd og sólarströnd,
sumarbrúnar meyjar í strápilsnum með öklabönd,
sértu orðinn æstur í svínasteik og vínin bleik,
sé ég aðeins eitt sem getur bjargað því með léttum leik.
Yndisferðir, yndisferðir, yndisferðir á gjafverði!
Yndis, yndis, yndis, yndis,
yndis, yndis, yndis, yndis,
yndisferðir, yndisferðir, yndisferðir á gjafverði!

Sumarbrúnar meyjar

♩ = 130

Ís - lend - ing - ur manst - u mig, Mar - ín - u sem kysst - i þig? Og
 hér er Kat - ar - ín - a Kapr - í - mær, kvæð - i eru til um okk - ur tvær. Við er -
 um Ynd - is - ferð - um hjá. Ynd - is - ferð - ir bjóð' upp á: Flug og bíl og bíl - skúr,
 báts - ferð eð - a reið - túr, þjón - ust - u og ó - dýr - an el - e - gans.
 Bjóð - a upp á betr - i kjör, bjóð - a upp á ofs - a - fjör Kat - ar - ín - a dans - ar
 dans. Ú la la ú la la ú la la ú la la ú la la la
 la Ú la la ú la la ú la la ú la la ú la la la la.

Íslendingur manstu mig,
 Marínu sem kyssti þig?
 Og hér er Katarína Kaprímær,
 kvæði eru til um okkur tvær.
 Við erum Yndisferðum hjá.
 Yndisferðir bjóða upp á:
 Flug og bíl og bílskúr,
 bátsferð eða reiðtúr,
 þjónustu og ódýran elegans.
 Bjóða upp á betri kjör,
 bjóða upp á ofsafjör
 og Katarína dansar dans.
 Ulalla úlalla la osfrv.

Íslendingur ávallt hér
 ákaflega vinsæll er,
 veitum honum vín á skál
 og viljann eitthvað meira – ekkert mál.
 Við erum Yndisferðum hjá,
 Yndisferðir bjóða upp á
 suðurhafsins eyjar
 sumarbrúnar meyjar
 syngjandi í stráþilsum með blómakrans.
 Bjóða sólarstrendur,
 bjóða tunglskinslendar
 og Katarína dansar dans.
 Ulalla úlalla la osfrv.

Yndisferðir

Árni Hjartarson

♩ = 110

E F# 5

G# 10^A

A D 15^E A B E A D B A E

20 A D E B A

Sérta orðinn leiður á suddanum og ruddanum,
sílemjandi rigningu og íslensku tuddunum,
sérta orðinn þreyttur á soranum og gorinu,
sé ég aðeins eitt sem getur kippt þér upp úr slorinu.
Yndisferðir, Yndisferðir, Yndisferðir á gjafverði!

Sérta orðinn æstur í suðræn lönd og sólarströnd,
sumarbrúnar meyjar í stráþilsu með ökklabönd,
sérta orðinn æstur í svínasteik og vínin bleik,
sé ég aðeins eitt sem getur bjargað því með léttum leik.
Yndisferðir, Yndisferðir, Yndisferðir á gjafverði!
Yndis- Yndis- Yndis- Yndis-
Yndis- Yndis- Yndis- Yndisferðir.

Aldrei fer ég suður

Fyrri kattarkvæði rithöfundarins

Texti

Jón Daníelsson

Lag

Árni Hjartarson

Allt tekur enda um síðir,
örvasa kattarhró.
Lífs eftir hret og hríðir
hlotnast þér dauðans ró.

Leysi þig lækna blíðir
svo ljúkist amstur og kíf.
Allt tekur enda um síðir,
einnig þitt núnda líf.

Síðara kattarkvæði rithöfundarins

Texti

Jón Daníelsson

Lag

Árni Hjartarson

Blað skilur bakka og egg,
baul er ei sama og hnegg.
Hún Elsa er bleyða,
sem ekki skal meiða
og ekkert um ketti upp á vegg.

Söngur rútbílstjórans

Árni Hjartarson

♩ = 150

Um land - ið á rú - unn - i rúll - a ég mér og
 rjúbl - a við stelp - ur - nar hvar sem ég fer. Loð - inn á bring - unn - i lík - a ég
 er. Þeim lík - ar best við mig ef að ég er
 leið og þær sjá mig þá langa þær fer, lang' að sjá vöðvana hnyklast á
 mér. Ram pa pam pam, ram pa pam pam pa.

Um landið á rútnni rúlla ég mér
 og rjúbl við stelpurnar hvar sem ég fer.
 Loðinn á bringunni líka ég er.
 Þeim líkar best við mig ef að ég er ber.
 Um leið og þær sjá mig þá langa þær fer
 lang' að sjá vöðvana hnyklast á mér.

Og áfram hér rútan mín rúllar á veg
 með rykkjum og skruðningum áfram held ég.
 Kvenhylli mín er svo ofsalalaleg
 að lengi þig ekki þá ert' eitthvað treg.
 Eina einustu nótt stoppar alltaf hann ég.
 Eftir það rúlla ég glaður minn veg.

Söngur snyrtibúðareigandans

Árni Hjartarson

♩ = 90

Á ég að þor' að dreym-a draum, draum sem get - ur kannsk-i ræst?

Hann mér gef - ið hef - ur gaum, eð - a ger - ir kannsk-i næst.

Á ég höfð' að hall - a að herð - um breið - um þess - a manns,

njót - a ynd - is við hans ást - ar-hót er und - ur-blítt hann gæl - ir við minn fót.


Á ég að þora að dreyma draum,
draum sem getur kannski ræst?
Hann mér gefið hefur gaum,
eða gerir kannski næst.
Á ég höfði að halla að
herðum breiðum þessa manns,
— njóta yndis við hans ástarhót
er undurlítt hann gælir við minn fót.

Almáttugur, en sú kvöl,
ekki veit ég hvar ég stend.
Búðarrekturinn var böll,
bara að taki betra við.
Á ég á vænum manni vöð?
Vill hann standa mér við hlið?
Ég nýt ylsins við hans ástarhót
er undurlítt hann gælir við minn fót.

Söngur konunnar með köttinn

Árni Hjartarson

♩ = 90



Út - i er dimmt og drund - i stór, döp - ur fjöll og rign - ir
Glæddist mér von - in veik, vögguljóð blítt hann kvað,



Vin - ur minn frá mér fór, hann ferð - ast um him - in - inn. Snart mig hönd - in
eygði ég líf og leik og lukk - u sem rennd' í hlað.



heit og mjúk, herð - ar mín - ar létt hann strauk. Í un - aðs - hroll - i, ást - ar - sjúk í



ör - lag - a - vind - i fauk.

Úti er dimmt og drundi stór,
döpur fjöll og rignir inn.
Vinur minn frá mér fór,
hann ferðast um himininn.
Glæddist mér vonin veik,
vögguljóð blítt hann kvað,
eygði ég líf og leik
og lukku sem renndi í hlað.

Snart mig höndin heit og mjúk,
er herðar mínar létt hann strauk.
Í unaðshrolli, ástarsjúk
í örlagavindi fauk.

Þú dauða bíður, dýrið smátt,
dáið skáld með ljóðin fín.
Lífið mig leikur grátt
og lítið sem bíður mín.

Söngur ráðskonunnar

Árni Hjartarson

♩ = 170

Við ó - viss' að bú - a ég alls ekk - i ræð né þau ó - sköp af
kon - um sem leggj' á mig fæð. Ég vil verð - a eins manns kon - a.
Bú - a að mann - i og brjót - a hans lín, byð' okk - ur odd - vit - inn
líka til sín, og hring haf' á fingr - i si svon - a.

Við óvissu að búa ég alls ekki ræð
né þau ósköp af konum sem leggja á mig fæð.
Ég vil verða eins manns kona.
Búa að manni og brjóta hans lín,
byði okkur oddvitinn líka til sín,
og hring hafa á fingri si svona.

Ég elska hann alltaf þann einasta mann,
það unað mér veitir að hugsa um hann,
að punta hann og þrjóna á hann sokka.
Barasta hreint að ég ætti hann ein,
þá yrði ég ekki við fjósverkin sein
og gældi um leið við hans lokka.

Söngur bóndans

Texti

Jón Daníelsson

Lag

Árni Hjartarson

Þakið aftur upp á við
óðum lyftist þegar ég
að því kemst með kúbeinið.
Kynding snýst á besta veg.
Loðdýr aldrei líta vil
svo lengi blessuð sólin skín.
Við þig skil ég aldrei, aldrei,
elsku, fína, ríka barbídúkkan mín.

Í garðinum má byggja bú.
Búbót læt ég senda mér.
Þessi blessuð búðarfrú
bráðum fær að strokka smér.
Loðdýr aldrei líta vil
svo lengi blessuð sólin skín.
Við þig skil ég aldrei, aldrei,
elsku, fína, ríka barbídúkkan mín.

**Sagan um Svein sáluga Sveinsson í Spjör og
samsveitunga hans**

Tæfan hann á talar dró

Árni Hjartarson

♩ = 90

C F C

Eitt sinn þekkt' ég ung - an svein og unn - i hon - um heitt og
Eitt sinn man ég ung - an svein um ást - ir hvísl' og þrjár. Ég

5

F C G 1 C 2 C

sveinn - inn ung - i unn - i mér, allt er síð - an breytt.
kysst - i hann þá koss - inn einn, kannsk - i var of smár. Því

C 10 G G7 C

tæf - an hann á tál - ar dró, tál - ar dró, tál - ar dró,

Am G C 15 G G7

tryllt' ann spillt - um hugs - un - um. Já, tæf - an hann á tál - ar dró, tál - ar dró,

C Am G7 C

tál - ar dró, tæld - i hann úr bux - un - um.

Eitt sinn þekkti ég ungan svein
og unni honum heitt
og sveinninn ungi unni mér,
allt er síðan breytt.

Eitt sinn man ég ungan svein
um ástir hvísla og þrjár.
Ég kyssti hann þá kossinn einn,
sem kannski var of smár.

Því tæfan hann á talar dró,
tryllt' ann spilltum hugsunum.
Já, tæfan hann á talar dró,
tældi hann úr buxunum.

Eitt sinn vissi ég ungan svein
ærðan af sinni girnd.
Í hreinleikanum fall mitt fólst,
ég framdi því miður aldrei synd.

Tæfan hann á...

Örvæntingardúett

Árni Hjartarson

♩ = 75

Am G 5 Am
Kon-u orð-um karl minn trúð-u eig-i þótt hvísl-i sýn-i blíð-u-
G C 10 G Am
hót, þær vefj-a þér um fing-ur sér og far - - a svo fagn-and-i á
E 15 Am E G Am 20
næst-a ást-ar - - mót. Blóð-ið kvísl-ast kalt um æð-ar mín-ar,
G Am E 25 Dm Am
kal á hjart-a er mitt dauð-a - mein. Sál-in hef-ur sokk-ið on-í myrkr - -
30 E Am
ið og hún svíf-ur þar um hrygg og hrjáð og ein.

Sveinn

Konu orðum karl minn trúðu eigi
þótt hvísl þær og sýni blíðuhót,
þær vefja þér um fingur sér og fara
svo fagnandi á næsta ástarmót.

Sæunn

Ungum manni enginn skyldi trúa
og allra seinast þeim sem glæstur er.
Slíkum manni er leikur einn að ljúga,
hann lævíslega hjartað úr þér sker.

Dúett

Blóðið kvíslast kalt um æðar mínar,
kal á hjarta er mitt dauðamein.
Sálin hefur sokkið oní myrkrið
og hún svífur þar um
hrygg og hrjáð og ein.

Sveinn

Það er vonlaust fyrir kotungsson að keppa
um kvenfólkið við hina vígðu hjörð.
Hún sendi presti rauða rósaleppa.
Ég rota hann við næstu messugjörð.

Dúett
Blóðið kvíslast...

Þegar dumbrauð sólin

Texti

Árni Hjartarson

Lag

Árni Hjartarson

Sveinn

Þegar dumbrauð sólin
sígur niðr' að hlíð
og sest við aftaneld
Þá ég beisla Sörla og söðla Stinna-Rauð
til Sæunnar ég held

Sæunn

Þegar dumbrauð sólin
til svefnhúsanna fer
ég set upp hattinn minn.
Prúðbúin ég vænti vinar míns í hlað
með vakra folann sinn

Dúett

Og þegar rökkvar rennum við á skeið
og reynum fjörtökin.
Tölum lágt um tryggð og ástareid
töfrum náttúrunnar umvafin.

Sveinn

Í aðalberjahvammi áð er skamma hríð.
Er til betra líf
en knýja reistan gamminn og glymjá láta völl
og gleðja fagurt víf?

Sæunn

Í aðalberjahvammi hann hvílir litla stund
á kossa ekki spar.
Rauð ég strýk um makka og leiði hann að lind
og læt hann drekka þar.

Dúett

Og þegar rökkvar rennum við á skeið
o.s.frv.

Draumdíúett

Árni Hjartarson

♩ = 170

Þótt hjart - a mitt sé stirt í stopp - i ég stund - um finn þar
heit an eld, Mál - fríð - ar á Mikl - a - kropp - i mun ég vitj - a
strax í kveld, mun — ég vitj - a strax í kveld.

Sveinn heitinn

Þótt hjarta mitt sé stirt í stoppi
ég stundum finn þar heitan eld,
Málfríðar á Miklakroppi
mun ég vitja strax í kveld.

Ég seiði hana í sætum draumi
og svíf með henni á astralplan.
Höndinni ég læði í laumi
um lær en klíp ei of né van.

Málfríður

Ég þykist kenna fima fingur,
mér finnst ég þekkja handtök snör,
hjarta mitt í sælu syngur
mér sýnist hér vera Sveinn í Spjör.

Dúett

Stígum dans á draumalendum,
dönsum meðan tunglið skín.
Veitum útrás okkar kenndum
áður en að nóttin dvín.

Sveinn heitinn

Á hverjum dansi er einatt endir.
Ákaflega finnst mér skítt
hve dauft ég skynja dýrsins kenndir.
Dauðir gagnast konum lítt.

Amors örvahrið

Árni Hjartarson

♩ = 130



Sveinn: Fagr-ir er - u lokk - ar sem fall - a henn' um kinn sem
Sæunn: Fagr-ir eru lokk - ar sem leik - i blær í skóg um

5



foss í sil - ungs - á. Fög - ur er - u aug - un, ljós - ið skært þar
ljós - a sum - ar - nátt. Fög - ur er - u aug - un svo blá og skörp og

10



skín. Skyld - u þau mig sjá?
skýr. Ég skelf og miss - i mátt! Dúett: Ég hef lent í

Bm

15



Am - ors örv - a - hrið ég aldr - ei á hann trúð - i. — Í brjóst - ið heitt mig

D

Bm

G

A

20



hitt - a skeyt - in tíð, hjart - a mitt er nú sem nál - a - púð - i.

Sveinn

Fagrir eru lokkar sem falla henni um kinn
sem foss í silungsa.
Fögur eru augun, ljósið skært þar skín.
Skyldu þau mig sjá?

Sæunn

Fagrir eru lokkar sem leiki blær í skóg
um ljósa sumarnátt.
Fögur eru augun svo blá og skörp og skýr.
Ég skelf og missi mátt!

Dúett

Ég hef lent í Amors örvahrið
ég aldrei á'ann trúði.
Í brjóstið heitt mig hitta skeytin tíð,
hjarta mitt er nú sem nálapúði.

Sveinn

Fagnar eru varir þær mynda ástarorð
og yrða kannski á mig.
Fagnar eru hendur en hringinn vantar enn.
Hún er yndislig!

Sæunn

Fagnar eru varir þær vætir tunga næm,
hve vild'eg snerta þær.
Fagnar eru hendur, ég halda vil þær í.
Ég held að ég sé ær.

Dúett

Ég hef lent í Amors örvahrið
ég aldrei á'ann trúði.
Í brjóstið heitt mig hitta skeytin tíð,
hjarta mitt er nú sem nálapúði.

Söngur prestsins

Texti

Árni Hjartarson

Lag

Árni Hjartarson

Ég verð að fá mér maddömmu sem allra allra fyrst
en ekki verður gott að finna hana.
Hún þarf að geta hjúkrað mér af sannri læknislist,
mig langar svo að láta við mig stjarna.
Hún þarf að geta nuddað burtu bólgu og æðahnút,
með blíðum strokum forðað mér frá fúllyndi og stút.
Finnist hún ei skjótt þá bíð ég bana.

Talkaflí

Æ, Brúnka mín er gigtin
og hrossasóttin alveg að drepa þig?
Hvar finnurðu mest til auminginn?
Ég verð að finna mér konu sem kann
bæði mannalækningar og hrossalækningar.

Nábítur og þjótak mér lífið gera leitt,
líkþornin þau eru mér til ama,
gyllinæðin yfir mig bölvun hefur breitt,
bakverkur og gigtarköst mig lama.
Mér gagnast ekki verk- og vindeyðandi hót,
í kúadellubökstrum er kannski heilsubót.
Ég konu verð að finna með það sama

Ævintýrið endar vel

Árni Hjartarson

♩ = 125

Nún - a leikn - um lok - ið er leik - ar - arn - ir ræt - ur graf' og
Sveinn kvænt - ist síð - ar Sæ - unn - i þau sam - an átt - u fjöl - mörg börn og

mur - u, Prest - ur - inn al - heill orð - inn nú og Úlf - hild - ur varð nokkr - u síð - ar
bur - u.

bisk - ups - frú. Þau átt - u börn og bú í guðs - ótt - a og trú. Mang - a og Hild - ur

hóf - u brátt huld - u - lækn - ing - ar og urð - u fræg - ar. Æv - in - týr - ið end - ar vel

öll - um kjöft - um hæf - ir skel, kött - ur - inn hann sett' upp vökv - a - stýr - i úti í mýr ____ i.

Núna leiknum lokið er
leikararnir rætur grafa og muru,
Sveinn giftist síðar Sænni
saman áttu fjölmörg börn og buru.
Presturinn alheill orðinn nú
og Úlfhildur varð nokkru síðar biskupsfrú
og áttu börn og bú í guðsótta og trú.
Föru–Manga og Hildur hófu brátt
huldulækningar og urðu frægar.

Ævintýrið endar vel
öllum kjöftum hæfir skel,
kötturinn hann setti upp vökvastýri
úti í mýri.

Salvör og þormóður þrauka enn
þó að allt túnið sé í sinu.
Ketill er orðinn aðalmaðurinn
í Uppfinningamannafélaginu.
Málfríður sveif á æðra svið
með Sveini er í biðröðinni upp við Gullna hlið.
(Það stýttir ögn þá bið
að hann klípur við og við).
Vonum að ykkur sé orðið rótt
öllum bjóðum við svo góða nótt.

Ó, færiband

Draumur litla mannsins

Porgeir Tryggvason

$\text{♩} = 80$

Upp á him - ins blá - um bog - a í - bil - i á mill - i vök - u og
draums, vök - u og draums _____ Litl - i mað - ur ljáð -
Brjótt - u hlekk - i, einsk -
u mér þitt eyr - a, lit - að - u sterk - ar þitt líf.
is er að bíð - a, breidd - u úr vængj - um og svíf.
Ef sál - in er fjötr - uð þá föln - ar hún skjótt og
Líf - ið er stutt - og það staldr - ar ei við þó
fjar - lægj - ast undr - ann - a lönd. Upp á him - ins blá - um
stað - næm - ist hug - ur og hönd.
bog - a í - gegn - um bil - ið á mill - i vök - u og draums, vök - u og
draums - hverf ég burt.

Upp á himins bláum boga
í bili á milli vöku og draums,
vöku og draums.

Litli maður ljáðu mér þitt eyra,
litaðu sterkar þitt líf.
Brjóttu hlekki, einskis er að bíða,
breiddu úr vængjum og svíf.

Ef sálin er fjötruð þá fölnar hún skjótt
og fjarlægjast undranna lönd.
Lífið er stutt og það staldrar ei við
þó staðnæmist hugur og hönd.

Ævintýraheimar ofar skýjum,
opnast ef þú fylgir mér.
Inn í draumalandið drunga flýjum

Litli vinur ljúfan stígum dansinn
við lágværan gítarsins hljóm.
Innra með þér unaðskenndir kvikna
þar sem áður var eyða og tóm

deyfðin er ei ætluð þér.

Ef sálin er fjötruð...

Upp á himins bláum boga
í gegnum bilið á milli
vöku og draums hverf ég burt.

Fermingarbarnamótið

Hjálpræðissálmur

ÁG,SS,PT

♩ = 170

Guð minn, ég gæð - i þín skil. Með gleð - i ég hugs - a þín

til. Þú fyll - ir mitt hjart - a með ást og yl, þú ert allt sem ég

virð - i og vil. Hann er mér allt (hann er mér allt), hann er mér

allt (hann er mér allt), ef mér er kalt (ef mér er kalt),

hann verm - ir mig (hann verm - ir mig). Ég elsk - a hann (ég elsk - a

hann) já elsk - a hann (já elsk - a hann). Þú vit - a skalt hann

elsk - ar einn - ig þig.

Guð minn, ég gæði þín skil.
Með gleði ég hugsá þín til.
Þú fyllir mitt hjarta með ást og yl,
þú ert allt sem ég virði og vil.

Hann er mér allt, hann er mér allt,
ef mér sé kalt, hann vermir mig.
Ég elska hann, já elska hann,
þú vita skalt hann elskar einnig þig.

Mjúkur uppi

Árni Hjartarson

♩ = 130

Am Dm 5 E

Þú ert mjúk-ur upp - i og um - hverf - is - vænn elsk - an mín en
Komm - ún - ism - i, í - hald og fram - sókn er frat mér finnst best að

Am E Am F 10Am G

samt ert - u þó alls ekk - i svo grænn. Ég
ver - a hægr - i sós - í - al - dem - ó - krat.

Am F Am G Am F G

byrj - að - i í bú - skap mok - að - i flór og basl - að - i við roll - ur - nar með pabb - a.

15 Am F D7 G D

Rjóm - inn flaut í lækj - um og lömb - in urð' of stór, lúx - us óx og bænd - ur hætt' að

G Am F 20Am G Am F

kvabb - a. Þá sást það strax þann sól - ar - dag að svon - a lag - að var á mót - i

G Am

öll - um þjóð - ar - hag —

Hallveig

Þú ert mjúkur uppi og umhverfisvænn
elskan mín en samt ertu þó alls ekki svo grænn.

Hvati

Kommúnismi, íhald og framsókn er frat
mér finnst því best að vera hægri sósíaldemókrat.

Hvati

Ég byrjaði í búskap og mokaði flór
og baslaði við rollurnar með pabba.

Hallveig

Rjóminn flaut í lækjum og lömbin urðu of stór,
lúxus óx og bændur hættu að kvabba.

Dúett

Þá sást strax þann sólardag
að svona lagað var á móti öllum þjóðarhag.

Hvati

Þá dreif ég mig í þorpið í síldarsöltun fór
á sjóinn hélt og veiddi þorsk og ýsur.

Hallveig

Skipin veiddu mikið og voru mörg og stór
í verkunina réðust kátar skvísur.

Dúett

Þá sást strax þann sólardag
að svona lagað var á móti öllum þjóðarhag.

Hvati

Þá flutti ég í höfuðstaðinn, höndla nú með fé
með húsbref, verðbref, hlutabref ég manga.

Hallveig

Með segulkrafti og steinum ég lækna fólk og fé
og flyt með þulum mínum fjöll og dranga.

Dúett

Nú sést það vel hvern sólardag
að svona lagað fellur best að öllum þjóðarhag.

Matta Maja

ÁG, ÞT

♩ = 100

D E7 A7 D D E7 A7 D

Ljúf og glöð og létt á tá, leik - ur syng - ur dans ___ ar,
Góð - verk - in hún ger - ir mörg og gnótt á hún af vin ___ um,

5 C D7 B7 A7 1 D 2 D

ekk - ert læt - ur á sig fá, aldr - ei Matt - a stans ___ ar. hin ___ um. Hún
aldr - ei leið - in - leg né örg, allt - af hjálp - ar

G A 10C G A

kem - ur fram í kvik - mynd - um, Matt ___ a Maj - a, og kepp - ist við í skól - an - um, Matt ___

C B7 Em Am

___ a Maj - a, er dug ___ leg - ust í dans - in - um. Ó Matt - a ekk - i seg' ég haf - i

15 G C D F G F G

glat - að sjans - in - um.

Ljúf og glöð og létt á tá,
leikur syngur dansar,
ekkert lætur á sig fá,
aldrei Matta stansar.

Góðverkin hún gerir mörg
og gnótt á hún af vinum,
aldrei leiðinleg né örg,
alltaf hjálpar hinum.

Hún kemur fram í kvikmyndum, Matta Maja,
og keppist við í skólanum, Matta Maja,
er duglegust í dansinum.
Ó Matta ekki segja ég hafi glatað sjansinum.

Dyggðum prýdd og dásamleg,
drengr heillar Matta, en
enginn henni ann sem ég.
Ástin mín svo sæt og pen.

Hún kemur fram...

– Matta I think I love you –.

Morgunsöngur Sigurlínu

Árni Hjartarson

♩ = 90

Sól - in rís af sæv - ar - beð - i sæl og rjóð og
Gleðst nú all - ur garð - a - blóm - i gró ir runn - i

þur Skín á mig með glöð - u geð i.
hvur Á bíl - num merl - ar morg - un - ljóm i.

Geisp - ar ást - mög Muml - ar ást - mög. Á morgn - an - a læt - ur hún

draum - an - a dafn - a og dans - ar um létt á pinn - mjó - um hæl, í rós - ótt - um kjól með

rauð - gulln - ar var - ir og reyk - ir úr munn - stykk - i sæl, með Par - ís - ar - stæl.

La la la la la (la - la la la la). La la la la la (la - la la la la

la). La la la la la la la la la la la la la la la (la - la la la la

la). La la la la la la la la la la la la la la la.

Sólin rís af sævarbeði
sæl og rjóð og þur.
Skín á mig með glöðu geði.
Geispar ástmögur.

Heitur smýgur gegn um glerið
geisli heilnæmur.
Heiðvirð alltaf hef ég verið.
Hrýtur ástmögur.

Gleðst nú allur garðablómi
gróir runni hvur.
Á bílnum merlar morgunljómi.
Mumlar ástmögur.

Á morgnana lætur hún draumana dafna
og dansar um létt á pinnmjóum hæl,
í rósóttum kjól með rauðgullnar varir
og reykir úr munnstykki sæl,
með Parísarstæl.
La lalla lalla lalla la osfrv.

Í pottum mínum rósir rjóðar
reisa blómkörfur.
Soldið feimnar, soldið hljóðar.
Sofðu ástmögur.

Á morgnana...

Súrkálssöngur

Árni Hjartarson

♩ = 120

Bm

Allt er hér í nið - ur - níðsl - u norp - ar þjóð með víl' og vol - i,
 Versl - un - in er voð - a lít - il, við - skipt - in í sköt - u - lík - i,

Em

út - gerð - in í ár - ans krepp - u, iðn - að - ur í kald - a - kol - i.
 söl - u - tekj - ur minnk - a mik - ið marg - ur þó að skatt - inn svík - i.

F#

Hag - vöxt - ur - inn hæg - ir á sér hall - inn nú er hundr - að þús - und millj - ón krón - ur.
 Allt - af rýrn - ar greiðsl - u - get - an gat - ið nú er hundr - að þús - und millj - ón krón - ur.

Bm 10

Æ, því er nú ver. Svo er sagt við miss - um bráð - um band - a - ríkj - a -
 Æ, því er nú ver. Ég held það sé að sökkv - a þett - a skít - blank - a

1 2 A 15 Bm A Bm

her. sker. Hvað er það sem gef ___ ur gróð - a í hönd? Súr - kál!

A Bm A Bm 20 A

Gjald - eyr - is - tekj - ur og við - skipt - a - bönd? Súr - kál! Súr - kál - ið hag - fót - inn

Bm A Bm A Bm

hress - ir best, og hagn - að - ar - von - in lækn - ar ___ flest. Súr - kál!

Allt er hér í niðurníðslu
 norpar þjóð með víli og voli,
 útgerðin í árans kreppu,
 iðnaður í kaldakoli.
 Hagvöxturinn hægir á sér
 hallinn nú er
 hundrað þúsund milljón krónur.
 Æ, því er nú ver.

Svo er sagt við missum bráðum
 bandaríkjaher.

Hvað er það sem gefur gróða í hönd?
 Súrkál!
 Gjaldeyrstekjur og viðskiptabönd?
 Súrkál!
 Súrkálið hagnafótinn hressir best,
 hagnaðarvonin læknar flest.
 Súrkál!

Bissnismenn þeir bjarga öllu,
 byggja upp með geysi snjöllu
 hugarflugi og heppni í spilum.

Verslunin er voða lítil,
viðskiptin í skötulíki,
sölutekjur minnka mikið
margur þó að skattinn svíki.
Alltaf rýrnar greiðslugetan
gatið nú er

100. 000.000.000 kr.

Æ, því er nú ver.

Ég held það sé að sökkva
þetta skítblanka sker.

Halda öllu í góðum skilum.
Hagvöxturinn herðir á sér
hallanum er
snúið upp í ofsagróða
eins og vera ber.

Og erlent fjármagn okkur gerir
alla ríka hér.

Hvað er það sem gefur gróða í hönd?

Súrkál!

Gjaldeyrstekjur og viðskiptabönd?

Súrkál!

Súrkálið hagfótinn hressir best,
hagnaðarvonin læknar flest.

Súrkál!

Sighvatur kæri komdu

Árni Hjartarson

♩ = 120

Bm F#7 Bm
 Allt - af í spil - um mín - u meg - in mætt - i hann Hvat - i
 Nú er hann ei - líft út' að vinn - a er - ind um og
 Em 5 Bm F#7
 tví - upp - sleg - inn, ás - ar og hjört - u allt um kring ég sá
 brask' að sinn - a, ein ég bíð og býst við hon - um þótt
 Bm A D F#7 Bm A 10 D
 ást og trú - lof - un - ar - hring, við mynd - um sam - an gang - a gæf - u -
 bregðist hann oft - ast mín - um von um. Ég stól' á að - stoð stein ann - a
 F#7 1 Bm 2 Bm F#7 A D
 - veg - - inn. Kom - du heim, kom - du heim.
 minn a.
 15 A D Bm G
 Kom - d - u heim, kom - heim. Kom - du heim, kom - du heim.
 A 3 Bm F#7 Bm F#7 Bm
 20
 Sig - hvat - ur kær - i kom - du, kom - du heim

Alltaf í spilum mínu megin
 mætti hann Hvati tvíuppsleginn,
 ásar og hjörtu allt um kring
 ég sá ást og trúlofunarhring,
 við myndum saman ganga gæfuvegin.


Nú er hann eilíft úti að vinna
 erindum og braski að sinna,
 ein ég bíð og býst við honum
 þótt bregðist hann oftast mínum vonum.
 Ég stóla á aðstoð steinanna minna.
 Komdu heim, komdu heim,
 Sighvatur kæri komdu heim.

Agat hjónabandið bætir,
 basalt lífgar, auðgar, kætir,
 súrt berg með öflugt segulsvið
 er sagt munu laga kynlífið
 og sjá til þess að maðurinn mæti.
 Komdu heim, komdu heim,
 Sighvatur kæri komdu heim.

Ellismellur

ÁG,SS,PT

♩ = 80



Ég vil fá að hvíla minn vesæla kropp frá vinnu og ekkert að
lát og okkur vinnu með leður og tré, líma og sauma og



gera, en leikfímikennarinn lætur mig skokka látaust um borgina
dansa. Við viljum um ræða um fóður og fé en fáum samt aldrei að

10 10



þvera, ælskurnar látið mig vera. Þeir bransa. Við
stansa, er þröngvað í þrykkingar

♩ = 120



viljum ekki að gamla fólkid veslist upp og deyi við



viljum bara að áhyggjulaust ævikvöld það eigi. Áfram nú já hreyfa sig hér



dugir ekki í slóði. best þið lifid lífinu á meðan að þið tóruð.

Öldungarnir

Ég vil fá að hvíla minn vesæla kropp
frá vinnu og ekkert að gera,
en leikfímikennarinn lætur mig skokka-
a látaust um borgina þvera,
ælskurnar látið mig vera.

Þjálfararnir

Við viljum ekki að gamla fólkid
veslist upp og deyi
við viljum bara að áhyggjulaust
ævikvöld það eigi.
Áfram nú að hreyfa sig

Þeir láta okkur vinna með leður og tré,
líma og sauma og dansa.
Við viljum ræða um fóður og fé
en fáum samt aldrei að stansa,
er þröngvað í þrykkingarbransa.

hér dugir ekki slórið.
best er að lifa lífinu
á meðan að þið tórið.

Öldungarnir
Hannyrðir, kórsöngur, kvöldvökuþrölt
koma mér alveg úr stuði.
Morgun-, kvöld- og miðdegisrölt
ég mæðist á öllu því þuði
ég vona að sé rólegt hjá guði.

Þjálfararinn
Við viljum ekki að gamla fólkið
veslist upp og deyi ... o.s.frv.

Sorputregaslagur

ÁG,SS,PT

♩ = 110

Ég er öll _____ í rusl - i og það er eng - in leið _____ út. _____

Ég er öll _____ í rusl - i og það er eng - in leið _____ út. _____

Og því syng _____ ég þenn - an Sorp - u - söng _____ í sorg og sút.

Ég vakn - að - i í morg - un, fram úr rúm - i sté. Flokk - að - i það sam - stund - is í

dýn - u, gorm og tré. Því er ég öll í rusl - i og það er eng - in leið _____ út. _____

— Og því syng ég þenn - an Sorp - u - söng _____ í sorg og sút.

: .Ég er öll í rusli
það er engin leið út.:
og því syng ég þennan Sorpusöng
í sorg og sút.

Ég vaknaði í morgun
fram úr rúmi sté
flokkaði það samstundis í pappír, föt og tré.
Því er ég öll í rusli
Það er engin leið út
því syng ég þennan Sorpusöng
í sorg og sút.

Ég vaknaði í morgun
fram úr rúmi sté
sortnaði fyrir augum
því ruslið óð í hné.
Ég er öll í rusli
það er engin leið út
og því syng ég þennan Sorpusöng
í sorg og sút.

Sveitin mín

ÁG,SS,PT

♩ = 80

Bændaskólastúlkurnar:

Í sveitinni er sæluríkt að vera
sólin skín þar daginn út og inn.
Yndælt þegar ærnar fara að bera
og upp í hlíðar þenja traktorinn.

Ég vakna þegar sólin rís úr sænum
og syngjandi til vinnu minnar held.
Brosandi ég brynni ám og hænum
og bogra svo við mjaltir fram á kveld.

Viðlag:

Sveitin mín, sveitin mín
ær og beljur út í haga.

Hjörleifur:

Ég vildi ég gæti varpað öllum stjörnum
og vitjað ykkar æskustöðva strax,
staðið þar á floti oní flórnum
og farið þess á milli að veiða lax.

Bændaskólastúlkurnar:

Í réttunum við rollur drögum sundur
og reynum svo í piltana að ná.
Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur
er gleðin skín á vonarhýrri brá?

Viðlag:

Sveitin mín, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Seitin mín, sveitin mín.
Í GATT-ið skal ég staga.

Ma ma ma marmarakaka

Sævar Sigurgeirsson

$\text{♩} = 90$

Dm Gm Dm A 5 Dm Gm Dm A Dm 10 Gm
Ma - ma - ma - mar - mar - a - kak - a ma - ma -
Dm A Dm Gm 15 Dm A Dm Gm Dm 20 A
ma man ég þig enn. Ma - ma - ma mamm - a mín
Dm Gm Dm A 25 Dm Gm Dm A Dm 30 Gm Dm
heit - in ba - ba - ba - bak - að' í denn.
C 35 Dm C
Ég stund - að - i fár mín fræð - i en fann hvork - i stuðn - ing né
Dm 40 C Dm 45 A
ró en nú er á burt mín bræð - i ég bax - að hef öld - ung - is
Dm Gm Dm 50 A Dm
nóg.

Ma ma ma marmarakaka
ma ma ma man ég þig enn.
Ma ma ma mamma mín heitin
ba ba ba bakaði í denn.

Ég stundaði fár mín fræði
en fann hvorki stuðning né ró
en nú er á burt mín bræði
ég baxað hef öldungis nóg.

Sú sú sú súrkálið flúði
sú sú sú sú sem ég ann.
Sú sú sú súlurnar kalla.
Nú nú nú áttu þér mann.

Nú stöndum við aftur í stafni
og stýrum að kyrrlátri vík
með leiðsögn af lóu og hrafni
af lángráðum ástum svo rík.

Súrt, reykt og salt

Texti

Árman Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason

Lag

Árman Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason

Guðný ég girnd þína skil,
með gleði ég hugsa þess til
að fylla þitt hjarta með ást og yl
og í ellinni spila á spil.

Fannar í faðminn á þér
ég fleygi nú kúnum og mér.
Ég elska þig hreint eins og á mér sér
og allan þinn hjálpræðisher.

Þú ert mér allt,
þú ert mér allt
(súrt reykt og salt)
ef mér sé kalt
þá vermi ég þig.
Ég elska þig,
þú elskar mig
og þú lyftir öllu mínu á hærra stig.

Illur endir

Árni Hjartarson

♩ = 110

Em D Em B Em D

Finnst ykk-ur þett' ekk-i ill - ur end - ir? And - lát er sorg-leg - ur við - burð-

Em 5 D Em B Em D Em

ur. Í brjóst - i bær - ast - skrýtn - ar kennd - ir. Í búr - i synd - ir - gull - fisk - ur.

D 10 Em D Em

Ál - ver og kál - ver er - u fyr - ir bí, als - herj - ar - krepp - a heims um ból.

G D G Em 15 G B Em FINE

35 D D7

Virkj - um Korp - úlfs - stað - i! Kveð - ur nú við nýj - an tón.
 Virkj - um Korp - úlfs - stað - i! Vend - um okk - ar kvæð' í kross.

G D A7

Mik - ið er gott að ver - a laus við möpp - u - - dýr og papp - írs - - -
 Síð - ar við fær - um út kví - arn - ar og kaup - um kam - el - dýr og zebr - a -

40 D C F

-ljón. Að þurf' að ver - a harð - svír - uð var eng - inn hægð - ar - leik - ur, það
 hross.

F7 Bb C D#m A7

45 hreint út sagt var æg - i - legt og allr - a verst - a klíp a. Því

Bb 50 C F Dm

til þess þá þarf ó - þökk - a sem ekk' er við neitt smeyk - ur, en

D C 55 G7 3 C A7

3 ég er þess i ljóð - ræn - a, róm - ant - ísk - a týp a.

Karlar:

Virkjum Korpúlfsstaði!
 Viðreisnar flettum við blaði!

Jónas:

Mig langar í súkkulaði!

Allir:

Þegiðu, Jónas!

Friðþjófur:

Ég nokkra týnda starfsfélaga
 fór af stað að finna,
 en fann mig sjálfan,
 ást og ætt, það
 munar sko um minna.

Tryggvi:

Nú loksins skrefið stíg til fulls,
á naflastrenginn klippi,

Tryggvi og Doris:

svo stökkvum við til Kanada
á okkar brúðkaupstrippi.

Ægir og Ólöf:

Við saman lífsbraut örku
ef að guð og golfið leyfa.

Allir:

Sig Guffi og Lilla aldrei framar
án hvors annars hreyfa.

Virkjum Korpúlfsstaði!
Kveður nú við nýjan tón.
Mikið er gott að vera laus við
möppudýr og pappírsljón.

Pía:

Að þurfa að vera harðsvíruð var enginn hæðarleikur,
það hreint út sagt var ægilegt og allra versta klípa.
Því til þess þá þarf óþokka sem ekki er við neitt smeykur,
en ég er þessi ljóðræna, rómantíska týpa.

Allir:

Líf og fjör mun ríkja hérna úti jafnt sem inni
og endanlega klekkjum við á Mjólkursamsölunni.
Við keppumst við og kyndum óspart undir strútaeldi
og Korpúlfsstaðir verða fyrr en varir risaveldi.

Hraustir menn í sveita andlits sveifla ljá og herfa.
Já, svona getur farið þegar embættismenn hverfa!

Virkjum Korpúlfsstaði!
Vendum okkar kvæði í kross.
Síðar við færum út kvíarnar og kaupum
kameldýr og zebrahross.

Virkjum Korpúlfsstaði!
Kveður nú við...

Sálar Jónanna ganga aftur

Kotakot í kotum

Fyrr var ei í koti kátt
í kotinu í Kotakoti í Kotum.
Menn gnístu tönn og grétu hátt
í kotinu í Kotakoti í Kotum.
Þar mamma gamla bana beið
hún bara komin var að niðurlotum
í kotinu í Kotakoti í Kotum.

Hreppinn okkur hent var á
úr kotinu í Kotakoti í Kotum.
Af öllum kröftum æptum þá
á kotið litla, Kotakot í kotum.
En enginn á það hlustaði
svo óspart þetta tækifæri notum:
Við viljum fara heim!
Við viljum fara heim!
Í kotið litla, Kotakot í Kotum.

Við sendir vorum sitt á hvað
úr kotinu í Kotakoti í Kotum.
Það var nú svo og svo var nú það
í kotinu í Kotakoti í Kotum.
ég fór stutt, og ég fór langt,
ég fór rétt, en ég fór rangt
loks aftur höfum raðað ævibrotum
frá kotinu í Kotakoti í Kotum.

Nóbelsdraumar

Prologus

Þið sem sitjið salnum í, sæt og rjóð og fín,
haldið víst að hefjist brátt eitt herjans mikið grín.
En gætið ykkar góða fólk, þótt gleðin hafi völd
í gegnum leikhúsgrímuna gægist hæðnin köld.

Því allt er satt sem sagt er hér en sumt er fært í stíl,
skítalykt af öðru er en ekkert vol né víl.
Við skoðum lungu og lifrar vel og lítum á viðkvæm mál;
eðli og hvatir Íslendinga, arfbera og sál.

Löngu dánar ástir

Djúpt í hjarta skáldsins unga seytlar ljóðsins lind.
þar var rautt, þar var hlytt, þar var blítt.
Í henni speglast alla daga yngismeyjarmynd.
þar var rautt, þar var hlytt, þar var blítt.
Hann gaf henni ástarstjörnur hún gaf afl og þrótt
hann orti um hana brunaljóð, þau elskuðust dag og nótt.
Um loftin flugu dúfur og laxinn stökk í foss og lífið allt var franskur koss.

Djúpt í hjarta skáldsins aldna er þorin ljóðsins lind.
þar er blautt, þar er autt, þar er snautt.
þar aldrei frammar speglar sig hin spengilega hind.
þar er blautt, þar er autt, þar er snautt.
því eitt sinn kom að hindinni svo ósegjanleg styggð
hún æddi burt villt og tryllt, þar féll bæði trú hans og tryggð.
En eftir situr minning um löngu liðin ár
og löngu dánar ástir, löngu dánar ástir, löngu dánar ástir og þrár.

Gyða

Gyða – þessi litla kvæðakviða,
Gyða – er mitt klökka kveðjustef.
Nú muntu svífa á brott
svo brjóst mitt fer í eyði.
Ég hjarta mínu kasta á hjarnið fyrir örn og ref.

Gyða – ég finn í gollurshúsi sviða.
Gyða – ég finn í maga mínum hnút.
Þú flygur um heiminn og flytur
söng um lönd og álfur.
Ég felli hljóðlátur tár halla mér að stút.

Ó Gyða – það vætlar vatn á milli liða.
Gyða – ég fæ gigtarkast í fót.
Ég reyni að gleyma, ég verð
að treysta á guð og gaddinn.
Kaleikinn tæmi og oblátur legg á tungurót.

Gyða – á meðan fríðir fossar niða,
Gyða – á meðan sólin rennur rjóð,
og meðan að vindar og vötn
og jöklar fjöllin sverfa
þá mun ég syngja á síðkvöldum sorgarþrútin ljóð.

Frystikistufónía

Hallfreður: Einn ég ligg kaldri kistu í,
kalinn, botnfrosinn.
Sálin freðin og fær því ei
far í himininn.
Hljáðu mér,
bíaðu mér,
bæt mína raun,
blástu í kaun.

Salka: Þú ert svo fögur, þú ert svo fár.
Farðu í kistuna á ný.
Ég skal sækja þér sjóðheitt te
og sokkaplöggin hlý.

Hallfreður: Nei, helltu út úr einum stút
oní kalda kverk.
Særum því næst fram sáluhjálp
sálmaskáld og klerk
Hrafn Hvað viltu hér? Hvað viltu mér?
Geir: Handónýtur hórprestur!
Hrafn: Vei mér
Geir: svei þér
Á víxl: Vei mér - svei þér - vei mér - svei þér -
vei mér - svei þér - vei mér - svei þér - guð!

Hrafn: Hver hefur skapað mér örlög ill?
Ég engist af þrá og kvöl.
Geir: þú hefur minni spúsu spillt
og sparar ekkert böf.
Nei, sparar ekkert böf.
Böf, böf, böf, böööööf!

Hallfreður: Áfram strákur kýld
Óann kaldann,
karlmenn berjast allt of sjaldan.
Hrafn: Hjálpi mér nú herrann Kristur!
Geir: Hérna verður pungur kreistur!

Gyða: Almáttugur góði guð!
Grimmdarvonska er harðbönnuð!
Komdu Salka, afstýrum
öllum þessum hryllilegu meiðingum.
Salka: Ástarþríhyrningurinn
er að brotna, Jesús minn!
Komdu vinur, komdu nú,
kældu skap þitt, ekki girnast gifta frú.

Hallfreður: Deigir eru drengirnir
Djöfull eru þeir linir.
Engin reiði, örlar hvergi á vígamóð.

Ég særi ykkur upp á ny
Egni og magna hatursský.
Sýnið dug og hræðist ekki bana og blóð.

Gyða: Ekki berjast elskið frið.
Salka: Ekki berjast kyssið kvið.
Gyða: Ekki berjast þess ég bið.
Salka: Ekki berjast segjum við.
Báðar: Að kristnum sið nú gefið grið
við Gullna hliðið verða jöfnuð deilumál.

Gyða: Ofbeldi er illsku tál.
Salka: Ofbeldi er versta mál.
Gyða: Ofbeldi er eintómt kál.
Salka: Ofbeldi er kalt sem stál.
Báðar: Ást er hál, já ást er bál,
ást er þjál, já ástin læknar þína sál.

Hrafn: Nú skulu mætast stálin stinn
stjarfur, hræddur garmurinn
bráðum muntu reka upp ógnarmikið gól.

Geir: Skjótt mun hnífsins beitta blað
bíta sárt þinn leyndarstað.
Ég sneyði burtu þessi ljótu og loðnu tól.

Hallfreður: Eldur fer um æðar
og yljar kalda kinn,
átök vaxa og erjur
nú æsist leikurinn.

Geir: Eldur brennir æðar,
afbrýðin mig sker.
Sem varahjól á vagni
ég vil ei lifa hér.

Gyða: Rautt frá rótum hjartans
rennur þetta blóð.
Kallið það er komið
ég kem í þína slóð.

GG: Ógæfan mig eltir.
Ást mín dáin er.
Ég get ei lifað lengur.
Líf, ég fórna þér.

Kór: Þetta er döpur saga er sorgar endi hlaut
en svona enda flestar óperettur.
Afbrýði og hatur og ást í heitum graut
og öllu svo hrært upp í bullandi kveinstafi og grettur.
En svona er jú lífið það líður öllum frá,
menn lifa ógnarlengi en ástin kulnar

og fyrir en nokkurn varir er haustið hnigið á
hárið bæði gránar og gulnar.

Veröldin er grimmynd þótt vötnin séu blá
og vonarstjörnur spegli sig í tjörnum
Hjörtum okkar blæðir þau berjast til og frá
í brjóstinu heyrum við sláttinn og gaulið í görnum.
Hljóðlátur er dauðinn og hliðið gullna skín
þar huggun fæst hjá Maríu og Kristi.

Hallfreður: Sofðu nú til morguns Salka, stúlkan mín,
sjálfur geng ég aftur - í frysti.

Nóbelstangó

Loftið var grátt, landið var skekið,
fólkið var leitt, verðlaunum sneytt.
Í Ólympíuleik var að okkur hlegið.
Það var okkar raun, okkar Hraun, okkar kaun að fá aldrei baun.

En nú er heilladís með dífu og hrís á rjómaís
og rauðan skúf í peysu
í sigurför
með sigurbros á rjóðri vör.
Við syngjum gleðilag með gleðibrag um gleðidag.
Loksins, loksins, loksins
er sigurinn vís
og Nóbelsprís.

Þjóðin var dauf, þingið var hnípið,
ríkisstjórn reið eftir gullinu beið.
Við Óskarsverðlaunin var að okkur hlegið.
Það var okkar raun, okkar Hraun, okkak kaun að fá aldrei baun.

En nú er heilladís með dífu og hrís á rjómaís
og rauðan skúf í peysu
í sigurför
með sigurbros á rjóðri vör.
Við syngjum gleðilag með gleðibrag um gleðidag
Loksins, loksins, loksins
er sigurinn vís
og Nóbelsprís.

Ég hlakka svo til

Gyða: Ég hlakka svo til, mér er hlátur í brjósti,
ég hlakka svo til, nú er byr undir væng.

Geir: Ég hlakka svo til, þig hlæjandi faðma,
ég hlakka svo til að fá brúði í sæng.

Bæði: Ég hlakka svo til þeirra hátíðarhalda.

Ég hlakka svo til þegar kóngurinn rís,

ég hlakka svo til, úr hásæti sínu.

Ég hlakka svo til því ég fæ nóbelsprís.

Kór: Ég hlakka svo til þeirra hátíðarhalda.

Ég hlakka svo til þegar kóngurinn rís,

ég hlakka svo til, úr hásæti sínu.

Ég hlakka svo til því ég fæ nóbelsprís.

Ég hlakka svo til þeirra hátíðarhalda,

ég hlakka svo til því ég fæ nóbelsprís.

Blekking er best

Blekkingin er okkar besti vin,
hún bætir flest sem amar að
Hún stærir sál
og stækkar öll mál
og styrkir ímynd allrar þjóðarinnar.

Ef virðist þér tilveran guggin og grá,
gleðiefni svo sárafá
þá geturðu alltaf keypt þér leikhúsmiða.
Það bætir skap og létir lund
að láta um eina aftanstund
lygar, bull og tál þitt hjartað friða.

Blekkingin er okkar besti vin,
hún bætir flest sem amar að
Hún stærir sál
og stækkar öll mál
og styrkir ímynd allrar þjóðarinnar.

Blekkingin er okkar besti vin,
hún bætir flest sem amar að
Hún stærir sál
og stækkar öll mál
og styrkir ímynd,
styrkir sjálfsmynd,
styrkir glansmynd þjóðarinnar.

Ástartöfratónaflóð

Ástartöfratónaflóð

Ef ég heyri organhljóm

ósjálfrátt ég fer að syngja.

Raddböndin þau mynda ástar töfra tóna flóð

og taumlaus ljóð.

Í brjósti klukkur klingja.

Ef ég heyri klukknakall

úr kirkju, hitnar mér um vanga.

Ég sé þig standa þar með kaleik, kross og rikkilín

og kláravín.

Til skrifta skal ég ganga.

Því ég elska, elska, elska, elska, elska, elska, elska þig.

Ég elska, elska, elska, elska, elska, elska, elska þig.

Ég elska þig.

Ég elska þig.

Ég elska þig svo heitt.

Hann hvarf á brott í svartri rennireið

Hann hvarf á brott í svartri rennireið
Hann hvarf á brott í svartri rennireið,
ræðarinn dapureygi á fljótsins bakka beið.
Þögulir hrafnar á himni flugu í kross.
Hinn slyngi sláttumaður
beislar sitt bleikálótta hross.

Hvað er að ske?
Hann skeiðar geyst um svið.
Ó, skyldi líf liggja við?

Hér er tóm sem trega fyllist brátt.
Ó, mínar titrandi taugar skynjuðu svo fátt
en finna núna að fölnað hjartabál
funar og þytur um æðar,
læsist um vefi mína og sál.

Hvað er að ske?
Hann skeiðar geyst um svið.
Ó, skyldi líf liggja við?

Kolrassa

Upphafskór

Texti

Þórunn Guðmundsdóttir

Lag

Þórunn Guðmundsdóttir

Horfðu niður í dal og horfðu upp í fjöll
alls staðar er sömu sjón að sjá:
Maður, dvergur og dýr, álfur eða tröll,
allir eru að leita, allir eru að gá
að einhverju...
að einhverjum...

Einhverjum til að deila með,
einhverjum til að margfaldast með.
Leggðu saman einn og einn, útkoman er þrír, fimm, sjö
hver og einn vill hætta að vera einn og verða tvö:

Mörgæs vill að mörsteggurinn stígi í sinn væng
ofur hraðskreið hrygna þráir huggulegan hæng
hláturmildur ljúflingur vill huldu í sína sæng
en
hvað vill hulda?
Hvað vill hulda?

Það er sel skapi næst að fá sér urtu og fara í sund.
Best finnst á með hrúti að skera hrúta góða stund.
Tíkin sem er hundheiðin vill heiðarlegan hund,
en
hvað vill hundur?
Hvað vill hundur?

Prinsinn vill fá prinsessu að prýða sína höll
refur heimtar tófu til að tölta með um fjöll
treggáfaða tröllatrygga skessan vill fá tröll
en
hvað vill trölldið?
Hvað vill trölldið?

Tröllakór

Texti

Þórunn Guðmundsdóttir

Lag

Þórunn Guðmundsdóttir

Fullur skín máni á fellin öll,
fjallanna salur gellur og skellur við tröllanna köll.
Hallar nóttu, í helli er skjól, hillir undir morgunsól.
Hrellum alla og tryllum,
hrellum alla og tryllum.
Á skugganna leið nú skellum á skeið.

Hæ, hæ, hæ, brúðurin bíður.
Hó, hó, hó, glenntu þig gríður.
Gjótur og grjót láttu minnast við fót.

Hó, hó, hó, hættu að fokka.
Hæ, hæ, hæ, steina og stokka
stikla mun fljót flagða og tröllanna drótt í nótt.

Við hendumst í bendu um dyngjur og dranga
og dengjumst um einstigi og halana ranga.
Við þrílum og klöngrumst um kletta og klungur
og kútveltumst ofan í jöklanna sprungur.
Melrökkum skjótum á dalanna mótum
hjá fjallanna rótum ref fyrir rass!

Hó, hó, hó, hó, hó,
hó, hó, hó, hó, hó.

Hæ, hæ, hæ, hæ, hæ,
hæ, hæ, hæ, hæ, hæ.

Lokasöngur

Texti

Þórunn Guðmundsdóttir

Lag

Þórunn Guðmundsdóttir

Helga og Spakur:

Að endingu vonir og væntingar mætast
og veita mér langþráðan frið
og gleðin er djúp þegar draumarinir rætast
og dísin mín (ástin mín) brosir mér við
Helga (Spakur) mér stendur við hlið

og við deilum saman
við deilum saman
þessari undursamlegu ást.

(Helga og Spakur kyssast)

Allir:

Unnust þau bæði vel og lengi
Áttu börn (og hvolpa) og buru
grófu rætur (og bein) og muru
smjörrið rann,
roðið brann
sagan upp á hvern mann
og hund
sem hlýða kann;
brenni þeim í kolli baun,
sem ekki gjalda mér sögulaun
fyrir í dag en á morgun.
Köttur úti í mýri
setti upp á sér stýri
úti er ævintýri.

Undir hamrinum

Sætröllskvæði

Porgeir Tryggvason

♩ = 120

5

Kóng - ur - inn og drott - ning - in á þann sunn - u dag héld - u sín - um

10

skip - un - um héld - u sín - um skip - un um á hið myrkv - a haf
 héld - u sín - um skip - un um
 héld - u sín - um skip - un um á hið myrkv - a haf

15

eng - inn veit, eng - inn veit, eng - inn veit til ang - urs fyrr en reyn - ir.
 eng - inn veit eng - inn veit til ang - urs fyrr en reyn - ir.
 eng - inn veit til ang - urs fyrr en reyn - ir.

Kóngurinn og drottningin
 á þann sunnudag
 héldu sínum skipunum
 á það myrkva haf.

Engin veit til angurs fyrr en reynir.

Þegar að þau komu
 á það myrkva haf
 þá tók allan byrinn af
 svo hvörgi gaf.

Engin veit til angurs fyrr en reynir.

Engin veit til angurs fyrr en reynir.

"Eg hirði ei um þitt rauðagull
 né þitt brennda fé
 og ekkert nema þann fríða svein
 er situr þér í kné."

Engin veit til angurs fyrr en reynir.

Móðir tók sér gullkamb
 og kembdi sveinsins hár
 en með hvörjum lokkinum
 þá felldi frúin tár.

Þar komu upp loppur
og þar komu upp klær,
allt upp undir olnboga
loðnar voru þær.

Engin veit til angurs fyrr en reynir.

"Hvörsu mikið rauðagull
skal eg gefa þér
ef þú lætur skipið
skriða undir mér?"

Engin veit til angurs fyrr en reynir.

Þegar þau höfðu af hendi selt
þann unga svein
bruna tóku skipin
undir báðum þeim.

Enginn veit til angurs fyrr en reynir.

Að lokum

Porgeir Tryggvason


♩ = 85

Klarinett


Gau Á gó æ grí ei da tóf

e Fi á fra nei grei nein - ir. grei - nir Þó Þó Ja þri já þve ans grö


Eng-inn veit _til ang-urs fyrr en reyn - ir



leyn - ir. ® U Ei stands



Eng-inn veit til ang-urs fyrr en reyn - ir. Hall-ó, hall-ó hver er þess-i Reyn-ir?



Eng-inn þeg-ir þó ðú okk-ur mein-ir. Sér-hver þenn-an takt nú á-fram trein-ir.

Eng - inn hlýð - ir þó þú vit - laus vein - ir. Nú ég ætl - a ef ég man einn

25

að minn-á Guð Til oss Prest-ur pre-dik - un - um bein - ir. Og

bann-a all-a ó - skikk-an og all - an munn-söfn-uð. Eng - - inn veit - til ang-urs fyrr en

30

reyn - ir. Nú er kom-in nýrr- i tíð, nak - in blaut og mjúk. ðlf - -

ljót - ur brátt ung - a - börn-in skein - ir. Elsk-ast hver-í erg og gríð und -

35

ir silk - i dúk. Eng - - inn veit - til ang - urs fyrr en reyn - ir.

40

Elsk-ast hver-í erg og gríð und - ir silk - i dúk. Eng - - inn veit til ang - urs fyrr en

reyn - ir!

Göngum nú á gólfið fram
 svo grípi fótur dans
 því ekki finnast ágallarnir neinir
 þó að væri japl og jamm
 í jái brúðgumans.
 Enginn veit til angurs fyrr en reynir.

Í ástarleikinn ætla sér
 og enga hafa töf.
 Finnst ei neitt sem frammar sundur greinir
 Þó að drepist þriðji hver
 þversum oní gröf.
 Enginn veit til angurs fyrr en reynir.

Mörg er sagan misjöfn hjá
 mæðrum þessa lands.
 Hetjan oftast harmi sínum leynir.
 Sem ævilangt sinn unga þrá
 vegna' einnar nætur stands.
 Enginn veit til angurs fyrr en reynir.

Halló, halló, hver er þessi Reynir?
Enginn þegir þóðú okkur meinir.
Ha?
Sérhver þennan takt nú áfram treinir
Ha?
Enginn hlýðir þóðú vitlaus veinir.
Ég skal segja ykkur það.

Þó ég ætla ef ég man
einn að minna á Guð.
Til oss prestur prédikunum beinir.
Og banna alla óskikkan
og allan munnsöfnuð.
Enginn veit til angurs fyrr en reynir.

Nú er komin nýrri tíð
nakin, blaut og mjúk.
Úlfjótur brátt ungabörninn skeinir.
Elskast hver í erg og gríð
undir silkidúk.
Enginn veit til angurs fyrr en reynir.

Elskulega dóttir

Björn Thorarensen

♩ = 100

5

Elsk - u - leg - a dótt - ir, elsk - u - leg - a

Mmm - mm - mm - mm - mm. Ú - - - - ú - - - -

dótt - ir, ég náð - i ekki' að segj - a þér að prest - ur - inn að

-ú - - - - - ú. A - - - - -

10

prest - ur - inn er ekk - i pabb - þinn. Pabb - i þinn heit - ir, pabb - i þinn heit - ir...

- a - - - - - a. Pabbi Pabbi

...og er mik - il hetj - a. þín elsk - and - i móð - ir. A - men

...og hetja. elskandi móðir. A - men.

A - men.

Elskulega dóttir,

Þín elskandi móðir

Ég náði ekki að segja þér
að presturinn er ekki pabbi þinn.
Pabbi þinn heitir ...
... og er mikil hetja.

(Amen)

Dauðaplott

Porgeir Tryggvason

♩ = 80

Sóló

Kór

Við lát-um hlóð-a-pott-inn dett-a á

Pott-inn, pott-inn, pott-inn, pott - inn, pott - inn, dett-a, dett - a, haus-inn,

haus - inn á hon - um þeg - ar hann beyg - ir sig und - ir hann.

haus - inn, haus - inn, beyg - ir, beyg - ir, beyg - ir, beyg - ir, beyg - ir.

5

Við tæl - - um hann út í

Tæl - a - tæl - a - tæl - a - tæl - a - Mýr - i - mýr - i -

10

mýr - - i og lát - um hann sökkv - - a! Við

mýr - i mýr - i og lát - um hann sökkv - a! Fall - a fall - a

15

lát - um hann fall - a fram - af hamr - in - um!

fall - a fall - a Ham - ar ham - ar hamr - in - - um!

Við látum hlóðapottinn detta á hausinn á honum þegar hann beygir sig undir hann.

Við tælum hann út í mýri og látum hann sökkva!

Við látum hann falla framaf hamrinum!

Vinnukeðja

$\text{♩} = 85$

Prjón - a sokk eld - a graut strokk - a, flokk - a, geld - a naut.

Prjón - a sokk eld - a graut strokk - a, flokk - a,

Prjón - a sokk eld - a graut

5

Flá og sút - a, saum - a skó. Sýr - a, súrs - a berj - a - mó. berj - a - mó

geld - a naut. Flá og sút - a, saum - a skó. Sýr - a, súrs - a berj - a - mó,

strokk - a, flokk - a, geld - a naut. Flá og sút - a, saum - a skó. Sýr - a, súrs - a

10

berj - a - mó.

berj - a - mó.

berj - a - mó.

Prjóna sokk elda graut
strokka, flokka, gelda naut.
Flá og súta, sauma skó.
Sýra, súrsa berja mó.

Ættstórar stúlkur

♩ = 120

Sópran

Alt

Tenór

Eins og við gift-ast merk-i - leg - um mönn -

Ætt - stór - ar stúlk - ur

5

-um

Eins og við gift-ast merk-i - leg - um mönn - -

Ætt - stór - ar stúlk - ur

En

-um

Eins og við gift-ast merk-i - leg - um mönn - -

Ætt - stór - ar stúlk - ur

10

Ket _____ ill er svo heið - ar - leg - - ur í fram - an.

-um

Eins og við gift-ast merk-i - leg - um mönn - -

Ætt - stór - ar stúlk - ur

15

Ef ég get ekk - - - i gifst
um eins og við gift - ast ekk - i ó - mög - um
Ætt - stór - ar stúlk - ur

Katli - - i vil ég eng - an haf - a!
eins og við gift - ast ekk - i ó - mög - um
Ætt - stór - ar stúlk - ur

20

gift - ast ekk - i ó - mög - um
Ætt - stór - ar stúlk - ur

gift - ast ekk - i ó - mög - um gift - ast ekk - i ó - mög - um!
Ætt - stór - ar stúlk - ur gift - ast ekk - i ó - mög - um!

Ættstórar stúlkur eins og við giftast merkilegum mönnum.

En Ketill er svo heiðarlegur í framan.
Ef ég get ekki gifst Katli vil ég engan hafa!

Sirkus

Forleikur

Texti

Sævar Sigurgeirsson

Lag

Þorgeir Tryggvason

Ísland!
Er Ingólfur fann þig forðum,
fannst oss
allt ver' í réttum skorðum.
Sjálfstætt,
ástkæra frónið fagra!
Frelsið,
fitaði Helga magra!

Landnámsmenn undu sér leiki við
lögðu sig fram um að halda frið,
hjuggu þá menn sem að mest var af
myrtu þó aðeins ef færi gaf
– réðu sér sjálfir og sóttu sér bjargir í haf.

Seinna
misstu þeir happ úr höndum.
Höfðu
minna af fé og löndum.
Seldu
rétt yfir þúsund þorskum.
Þjóðin
afhent var kóngi norskum.

Hengslaðist þannig í hundrað ár
haldandi í sér – og ekki skár
leið oss er Noregur lúinn datt
lúsugan vel undir Danans hatt
– misheppnuð undirskrift upp á sig ferlega vatt.

En frjálsræðishetjurnar fimm öldum síðar
þeir Fjölnismenn, Baldvin og Jón,
lögðu sinn skerf fram til skánandi tíðar
við skildum við Falstur og Fjón
og Jótland og Sjáland – Ísland, farsælda frón!

Fullveldi!
Sjálfstæði
Forseti!
Lýðveldi!
Loksins við syngjum hið óháða íslenska lag
íslenska frelsið er fimm ára gamalt í dag.

Ísland!
Þú verður ekki þvingað
þangað
hvorki né heldur hingað.
Aldrei
kommana verður verstöð
Varla
kananna heldur herstöð.

Gallinn er bara vor gjaldeyrir
gnægtir og velsæld þú sjaldheyrrir.
Verkföll og óeirðir allt um kring
efast um þingmannsins staðhæfing,
– bannið við öllu það býr til í hjartanu sting.

Ísland!
Þótt landið sé frítt og fagurt
finnst oss
þú bæði rýrt og magurt.
Óháð
ríkið er rúið kröftum
ræðst hér
flestallt af fúlum höftum.

Ekkert við fáum að flytja inn
fletjum og flytjum út saltfiskinn.
Skiptum þá kannski á Skoda-bíl
skrautofnum dúk eða kristals-fíl,
– jafnvægismeistarar göróttan gert hafa díl.

Hvernig
endar með höft og helsi?
Hefta
stórveldin okkar frelsi?
Sumir
skelfdir í skjóli myrkurs
munu
mæna á þennan ...

(þögn)

... SIRKUS!!!

Jafnvægis- og sirkusþrá Jóhannesar

Texti

Hjördís Hjartardóttir

Lag

Þorgeir Tryggvason

Mín hárfín jafnvægistaug fer að titra
í túbrá minninganna sé ég glitra;
á milli stoða er strengd örmjó lína
og stúlka í hárauðum búningi að sýna.
Hún ofurvarlega á tauginni tiplar
á tánnum og aldregi skriplar.

Og þar er maður með útrétta arma
aldeilis hreint ekki klæddur í garma.
Hann rótar sér kollhnís í rólu
í bita í rjáfrinu, upp undir sólu
og stúlkan skoppar sem stígi hún dans
og stekkur beint inn í arma hans.

Ég sé þetta eins og gerst hafi í gær
er grípur maðurinn léttstíga mær,
uppi í lofti svo langt burt frá gólfi
og langtímum óx mínu hjarta í hólfi
þráin að leika eftir jafnvægislist
og loks fá á endanum stúlkuna kysst.

Söngur Ritu um Björn

Texti

Sævar Sigurgeirsson

Lag

Árman Guðmundsson

Að vera köttur í bóli Bjarnar
mér býður við þeirri mynd.
Ég skal snúast sem vargur til varnar
og vígbúast eins og kind.

Það veldur mér gremju að vita
þá vist sem mér faðir minn býr
en sögu þá sjálf mun ég Rita
og í sögunni Bjarndýrið flýr.

Svo eigi skal gráta Björn belju,
en safna kjarki og sýna í heimana tvo – tvisvar.
Af samneyti við hann með eldmóð' og elju,
ég æru og hendur mun vandlega þvo – þrisvar.

Mér heljar-Bjarnargreiði var gerður
í gin hans ég nauðug var seld.
En mér aldrei með valdinu verður
velt undir Bjarnarins feld.

Hann má vara sig kýrskýri klunninn,
með klónum ég Rita á hann
og berst þar til Björninn er unninn
ég það ekki um þennan mann.

Ástardúett H.Karls og Þuríðar

Texti

Hjördís Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson, Þorgeir Tryggvason

Lag

Þorgeir Tryggvason

Þuríður:

Mér hitnar frá ökkla að enni
er augunum sjónlitlum renni
yfir Moggann og stans
það er málgagnið hans
og hann makalaust liðugur penni.

Hann opnar þar sálina sína
og samhljómur verður við mína
hann kemur við taug
þegar kommanna draug
skal kvelja, sprengja og pína.

Hann er maður sem mark er á takandi
mælskur og kænn og vel vakandi
ef að hitti ég hann
þann heiðurskarlmann
ég hylli hann vopnunum skakandi.

H.Karl birtist í draumljósi

Hávarður:

Mér hitnar frá ökkla í eyra
við um andskotans kommana að heyra
en gallinn er sá
í glímu við þá
þarf gjörvalla Dali eða meira.

Ég er þreyttur á þröngsýnum grönnum
sem þumbast í dáðlausum önnum
þetta vesæla dót
eins og vælandi snót
það er vöntun á stútungskarlönnum.

Þuríður og H.Karl:

Við myndum kjöldruga Stalín og stút'onum
og stanga hann síðan með hrútonum.
Til helvítis renn
allir hárauðir menn
og lyddurnar allar sem lút'onum

Við myndum kjöldraga Stalín og stút'onum
og stanga hann síðan með hrútonum

...

Inngöngumars Sirkussins

Texti

Sævar Sigurgeirsson

Lag

Árman Guðmundsson

Sirkí Síber-íanskí – dobre dsjen!
Dobre útra, dobre dsjen!
Dobre dsjen!
Rassga-tí ba-latú-kall! Dobre dsjen!
Spashiba dobre dsjen!

Dobre dsjen!
Is-landía í torfkofa.
Dobre dsjen!
Spashiba dobre dsjen!

Síberíansk-í Sirkí – í orlof!
Dobre útra, upp í klof!
Einum of!
Vítissódi' í Vodkasnafs!
Einum of!
Spashiba dobre dsjen!

Einum of
óveð-ursský upp í klof!
Einum of
Spashiba dobre dsjen!

Da, da, da – da, da, da, – da, da, da, da, da, da.
Njét, njét, njét – njét, njét, njét,
njét, njét, hæsnanjét.

Dobre dsjen!
Rassga-tíba-latú-kall!
Dobre dsjen!
Spashiba dobre dsjen!

Dobre dsjen!
Asnar skíta á risnufé!
Dobre dsjen!
Spashiba dobre dsjen!

Nallinn smallinn

Texti

Sævar Sigurgeirsson

Fram bráðir menn í búsáhöldum
sem blekkið sortulyngsins þök.
Já Bára Freys er blaut á höndum
borðar kúbein Ragna rök.
Núna skoðum Surt og skjótum
skærahylkjum með í dag.
Við Bára sötrum blátt og hrjótum
og Biggi étur sjóveikt sag.

Verkfallssöngur Sirkusfólksins

Texti

Sævar Sigurgeirsson

Lag

Þorgeir Tryggvason

Gerska hringleikhússins stórhuga stétt
stöndum saman og þjöppum oss þétt.
Göngum fetið fram
og fyrirbyggjum vamm
og verjum okkar lögbundna rétt.

Verði kröfum okkar máls ekki mætt
verður meira hvorki rifist né rætt.
Þett' er útrætt mál,
endar stál í stál,
og störfum verður tafarlaust hætt.

Okkar listafólk er lamið og pínt
og í ljósi þessa teljum við brýnt
að við hættum við
oss hættum ei á svið
okkar hættuspil það verður ei sýnt.

Já við hættum við
oss hættum ei á svið
okkar hættuspil það verður ei sýnt.

Lokasöngur

Texti

Sævar Sigurgeirsson

Lag

Þorgeir Tryggvason

Íslendingar: (Lag: En sjálfstæðishetjurnar... úr upphafssöng)

Sem eilífðarsmáblóm með titrandi tárum
við tilbiðjum Drottin og Jón.
Hneppt öll í varðhald við syrgjum, í sárum
vort sjálfstæðisglötunartjón.
Lausir frá Dönum
en lentir í Könum...

Sirkushópur: (Lag: Ameríski þjóðsöngurinn)

Lítið skaðræðis-sker
skal nú selt vorum her.

Íslendingar: (Lag: Upphafssöngur, upphaf)

Ísland
frelsinu svipt sem forðum.
Farið
allt er úr réttum skorðum.
Tapað
ástkæra frónið fríða.
Fangi
í kæliskáp kaldra stríða.

Sirkushópur: (Lag: Verkfallssöngur)

Draumur Amerískur enn hefur ræst
og aukastjarna á flaggið nú bæst
það sem Leifur fann
loks nú étur hann
þetta landnám vort er sérlega glæst.

Íslendingar og Sirkushópur samsyngja síðustu tvö erindi

Íslendingar (Lag: Fullveldi... úr upphafssöng)

Bjargið oss,
landvættir,
guð vors lands,
huldufólk!

Íslenska frelsið er fót sveppum troðið í dag.
Forynjur hvers konar kippið nú málum í lag!

Spennuþrunginn píanóleikur

Þuríður (talar):

Það má víst ekki bjóða heimsveldinu kleinur?

Jólaævintýri Huggleiks

Upphafssöngur

Texti

Þorgeir Tryggvason

Lag

Þorgeir Tryggvason

Sagan hefst.

Jólin eru komin í sveitirnar
Jólin eru komin í leitirnar
Jólin eru komin með kerti og spil
Jólin eru komin okkar allra til

Á jólunum fá allir sokk eða sjal eða belti
og Jólakötturinn kominn í mótmælasveldi

En á Grafarbakka eru engin jól
Því Grafarbakkakallinn hann er versta fól
Á Grafarbakka er alltaf haust
Hamingju- og gleði- og tilbreytingarlaust

Jólin eru hátíðin barnanna
Jólin eru hátíð vinnutarnanna
frá jólum blessuð sólin fer hækkandi
en næturfrosnum koppum fer fækkandi

Jólatréð gamla með lyngi og litpappír skreytum
og laufabrauðsköku í hangikjötssöðinu bleytum

En á Grafarbakka sérð þú aldrei bros
því Grafarbakkajólamaturinn er úldið tros
Á Grafarbakka ríkir skröggur einn
í hjarta hans er jökulkaldur mannhatursfleinn

Jólin eru hátíð sem við hlökkum til
Jólabarnið gerir öllum krökkum skil
Jólin eru komin með kerti og spil
Jólin eru komin okkar allra til

Jólarifrildi

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Ebenezer á í rifrildi við viðstadda um ágæti jólahátíðarinnar.

Frændi minn ég segi þér að frábær jólin eru
friður yfir landinu endilöngu og þveru
ómetanlegt er að geta aðra glatt
því að gefa er betra en þiggja; Nei það er ekki satt

Þetta er rugl og þetta er vitleysa, þú veist það
því vinnan göfgar manninn og þú getur treyst að

ég hef verkefni að vinna
Hva verkefni á jólunum?
og svo mörgu að sinna
æ sinntu frekar börnunum
í fjöru skal þig finna
já hjá fuglum og kræklingum
og má ég á það minna
að þetta er mitt fé sem þið kastið hér á glæ!

En blessuðu börnin kæri Ebenezer
berðu ekki hag þeirra fyrir brjósti þér?
Gleymdirðu gleðinni Ebenezer
glataðirðu barninu sem bjó í hjarta þér?

Leyfðu mér að segja þér frá leyndarmáli mínu
í lífinu gildir að standa fast á sínu
græða á tá og fingri og græða síðan meir
því að gróðinn skiptir öllu; Ja endemi og heyr!

Þetta er rugl og þetta er vitleysa, þú veist það
við vinnum ekki á jólunum og þú getur treyst að

við heilög jólin höldum
Helvíti ertu bíræfin
og öllu til við tjöldum
og tæmir bankareikninginn
Allt með góðu gjöldum
nei gættu þín nú frændi minn
og engum angri völdum
og allir gleðjast saman frændi kær

Ungmennafélaginu fjárkláða
finnst þetta ekki réttlátt þú gamla ríka hró
þú ættir að borga fyrir ykkur báða
því Ebenezer þú átt víst miklu meira en nóg

Vísur Ragnheiðar

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Ragnheiður, látin ráðskona Ebenezers, útskýrir hvernig á stendur að hún skuli vera til hans komin svona löngu eftir dauða hennar.

Víst er ég hún Ragnheiður og ráðskona þín var rákum saman bú í nafni gróðahyggjunnar eldabuska, hjásvæfa og liðtæk mjög með ljáinn en lasnaðist svo heiftarlega að núna er ég dái Sennilega er furðulegt að sjá mig aftur nú því sjö ár eru liðin og ég þykist sjá að þú finnur ekki samleiðir með forynjum og draugum og frekar erfitt áttu með að trúa eigin augum

Á lífsleiðinni gerði ég víst mörgu fólk grikk af grandalausum bændum keypti jarðir fyrir slikk Margir fóru á hausinn eða dóu sínum drottni í dauðanum er eðlilegt að ég í víti rotni

Refsingin var engu að síður harðari en ég hélt er hurðum vítis endanlega á eftir mér var skellt því mér var færður þessi myndarlegi syndasloppur og síðan fyrir hverja synd var festur á hann koppur

Hann er augljóslega sami þverhausinn og þá þroskaheftur félagslega, ófríður að sjá sannarlega afleitt keis og ekki viðbjargandi örlög þess sem byggir lífsins húsið sitt á sandi

Ég ætti kannski að drífa mig því aðgerða er þörf aldrei trufla draug sem er að vinna skyldustörf Þetta verður merkilegt, ég skrái það og skrifa en Skröggur minn ég kveð þig nú og bið þig vel að lifa

Dans

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól fortíðar: Séra Frosti, fyrsti kennari Ebenezers stýrir hér dansi og söng í jólaveislu sinni.

Stígum núna dansinn dátt
djöfull er það gaman
Já stígum núna dansinn dátt

Dönsum núna saman sátt
sælleg öll í framan
Já dönsum núna saman sátt

Regns er von úr austurátt
alblaut verður daman
Já regns er von úr austurátt

Fyrr var oft í koti kátt
krakkar léku saman
Já fyrr var oft í koti kátt
Komum okkur heim í hús
hér er gott að vera
Já komum okkur heim í hús

Sýnist mér nú Frosti fús
frúna upp vill bera
Já sýnist mér nú Frosti fús

Komið er nú öl í krús
kjetíð þarf að skera
Já komið er nú öl í krús

Ölið síðan drekkum dús
á dansleiknum hjá séra
Já ölið síðan drekkum dús

Sambandsslit

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól fortíðar: Ebenezer og Bella slíta trúlofun eftir að Ebenezer kemur heim að loknu námi í Skotlandi. Hún hefur beðið hans öll þessi ár er hann er breyttur maður, aurapúki og illmenni.

Gleði og ást, eingöngu fást
með auði kæra frú
Ekki satt, þú getur fólk glatt
með góðmennsku og trú
Ást er helsta yrkisefni ritsnillinga
Ást er fyrir hálfvita og kynvillinga
Eilíft tuð, trúir á guð
Talsvert skárri en þú

Undir tré, kraupstu á kné
kveiktir í mér bál
rök var jörð; Rykug og hörð
í raun hið versta mál
Buxur mínar grasgrænar og grútskítugar
gremjulegt að hafa flogið slíkt til hugar
ljótur feill; En fararheill
Þú fjandans elta sál

Kvenmannsgrey, ég elska þig ei
ekkert fé þú átt
Mig þér gef, meira ei hef
mikið hlærðu dátt
Heldur þú að hangikjetið vaxi á trjánum
heldur kannski að nóg þú gerir gagn á hnjánum
Elskan mín, ég alltaf verð þín
og eiga mig þú mátt

Ég elska þig, elskarðu mig?
Ekki hætishót
undirleit, alltof feit
ógeðslega ljót
En kossinn okkar kæri minn og ástarbréfið?
Klukkutíma tók að þurrka mesta slefið
Ekkert vit, ég ein núna sit
yfirgefin snót

Lærdómsvísur I

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól fortíðar: Móri, draugur fortíðar, reynir að koma viti fyrir Ebenezer og bendir honum á það sem hann hefði ef til vill getað gert betur í fortíð sinni. Ebenezer kvikar hvergi.

Hei þú elsku besti Ebenezer
allt þetta liðna þú kannaðist við?
Allt þetta liðna ég kannaðist við

Hvað gerðirðu nú ef gætirðu breytt
gjörðunum þeim sem aðra hafa meitt?
Ég myndi bara ekki gera neitt

Ég er orðinn þreyttur á því
þurfalingar jafnt sem annað leigubý
vilja ekkert nema bara plokka peninga

Hei þú elsku besti Ebenezer
athuga þarftu hver stefna þín er
Ég athuga ekkert hver stefna mín er

Líttu þér nær og læra munt þá
lífinu þér þú kastað hefur frá
Allt öðru vísi áður fyrr mér brá

Þú er orðinn gamall og grár
geðillur og orðinn heldur vinafár
Nú er kominn tími til að iðrast Ebenezer

Óratoría Heiðlaugar Svan

Texti

Þorgeir Tryggvason

Lag

Þorgeir Tryggvason

Jól nútíðar: Jólaveisla er haldin heima hjá Friðriki og Kapítólu. Friðrik er frændi Ebenezers, fátækur og hjartahreinn. Skemmtiatriði er flutt af ungmennafélaginu Fjárkláða sem er nýstofnað í sveitinni.

Út um græna grundu
Gakktu hjörðin mín
og alla æfi mundu
ég skal gæta þín
Útilegumenn mun ég
ætið reka burt
því annars fæ ég hvorki vott né þurrt

Ef ég heyri jarmað
undireins ég kem
með hjörðina ég hraða mér
heim til Betlehem
Ef ég týni lambi
Þá er voðinn vís
ég laminn er með stórum vend' af hrís

Birta
Birtist nú mér
Ég berst við snjó og kulda
en nú birtist himnað

Engill
Er sem ég sé?
Ég spyr nú eins og fávís kona
hvað er um að ske?

Ó engill...

Gef mér G!

Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð
Yður er í dag frelsari fæddur
Og hafið þetta til marks
Þið munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu

Heyrðuð þið þetta?

Já, frelsari er fæddur

Í Davíðs borg er drengur nýr
reifaður en vænn og hýr
Var í jötu lagður lágt
liggur þar og á svo bággt

Hann færir okkur frelsi gott
fæðu og drykk, já þurrt og vott
Blóm í haga, betri tíð
birtu í myrkri, skjól í hríð

Við höldum saman heim til hans
einkasonar skaparans
Beina leið til Betlehem
til barnsins litla nú ég kem

Kapítóla Karlsdóttir

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól nútíðar: Í sömu veislu flytur Kapítóla, hin grunnhyggna kona Friðriks, lag og ljóð.

Ég er Kapítóla Karlsdóttir
og kjánalega læt
en er samt svakalega sæt
Ég er Kapítóla Karlsdóttir
og kann bara ekki neitt
er svoddan asni yfirleitt

Það er allt í lagi
ég á svo góðan mann
allt í góðu lagi
og ég elska bara hann
Það er allt í lagi
ég á svo góðan mann
ég á svo góðan mann

Ég er Kapítóla Karlsdóttir
og kjánalega læt
en er samt svakalega sæt

Fjölskyldan og jólin

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól nútíðar: Vinnuhjú Ebenezers halda jólin hátíðleg þrátt fyrir fátækt. Þau hjónin eiga þrjú börn og ber þar helst að nefna Tomma litla sem er afskaplega greindur og göfugur drengur. Tommi litli er fatlaður og veikur fyrir.

Sjáðu lífið það leikur oss við
lífshamingju það veitir og frið
sérhver dagur er dásamleg gjöf
dýrð sé og gleði með okkur

Fjölskyldunni ég færi þökk
fyrir allt það sem gert hafa fyrir mig
Eftir stöndum við stolt og klökk
staðfastur, hjartahlýr flokkur

Í myrkrinu reynist sumt misjafnt og ljótt
á mig sækir ótti, vil komast heim fljótt
Treginn samt hverfur, ég trítla af stað
er trausta finn höndina á pabba

Öllum forynjum birginn býð
báðir göngum við feðgarnir hönd í hönd
áfram höldum við enn um hríð
heim á leið erum að labba

Fögnum við öll og flykkjumst að
er ferðalangarnir inn hér þramma
við hlaupum á móti þeim út á hlað
og hlæjum og dönsum
en síðan við stönsum
því sjá hér kemur mamma

Þó að fátæktin fylgi okkur víst
er fýlu og leiðindum ávallt úthýst
yfir hellast jú erfiðleikar
en alltaf við sigrum að lokum

Því að lífið oss leikur við
og það ljóta við skiljum svo eftir
Reglur virðum og réttlætið
og restinni í flórinn svo mokum

Hér vil ég vera því heima er best
hér vil ég elska, vaka og dreyma
já hér vil ég vera er sólin sest
síðkvöldin lofa
og syfja og sofa
því sjá, hér á ég heima

Lærdómsvísur II

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól nútíðar: Sólveig, draugur nútíðar, bendir Ebenezer á þá sorg og eynd sem hann veldur fólkinu sínu með illmennsku og nirfilshætti. Það er ekki laust við að Ebenezer taki það eilítið til sín.

Hei þú elsku besti Ebenezer
ekki var nútíðin sú sem þú hélst
Ekki var nútíðin sú sem ég hélt

Gaman hjá öllum, gleði og fjör
gamlir og ungir, öll með bros á vör
Hvar fengu þau nú laufabrauð og smjör?

Þetta finnst mér furðulegt mjög
fátæklingar syngja saman jólalög
Hvernig getur fólk það verið glatt án peninga?

Hei þú elsku besti Ebenezer
athuga þarftu hver stefna þín er
Ég athuga ætti hver stefna mín er

Líttu þér nær og læra munt þá
Lífinu þér þú kastað hefur frá
Allt öðru vísi áður fyrr mér brá

Þú er orðinn gamall og grár
geðillur og orðinn heldur vinafár
Nú er kominn tími til að iðrast Ebenezer

Dauði Ebenezers

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól framtíðar: Ebenezer hefur hrokkið upp af og fólkið gleðst yfir dauða hans.

Nú er hann dáinn, dáinn
og dagur runninn á ný
Bjart er veður, börnin glöð
við brosum öll yfir því
engin sorg eða sút
bara sæla absolút
Beljan dansar, bærinn glansar
blóm og kransar afþakkaðir

Nú er hann dáinn, dáinn
svo dönsuð öll fram á kvöld
því fjandans gamli fauskurinn
hann felldi niður öll gjöld
daginn sem að hann datt
niður dauður, alveg satt
Allir syngja, klukkur klingja
karlsins pyngja verður tæmd
Nú er hann dáinn, dáinn
og drottinn hittir hann brátt
en guð vill ekki hafa hann
og hendir honum í átt-
ina norður og nið-
ur og neinei engin grið
verða gefin, vex þá efinn,
verst hvað skrefin eru þung

Nú er hann dáinn, dáinn
já drullusokkurinn sá
Enginn syrgir illmennið
og enginn kemur að sjá
er á hæðinni hann
verður heygður karluglan
Allir syngja, klukkur klingja
karlsins pyngja verður tæmd

Dauði Tomma litla

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól framtíðar: Veikindin hafa borið Tomma litla ofurliði og móðir hans og systur syrgja hann.

Nú er hann dáinn, dáinn
ó drengurinn var mér kær
birtu inn í hjörtun þar
með brosi síðast í gær
Alltaf brosti hann blítt
þó að brautin væri grýtt
Þín ég sakna, viltu vakna
víst mun slakna nú þín þraut

Nú er hann dáinn, dáinn
og drottinn hittir hann brátt
og hliðum inn í himnaríkið
hrinda þeir upp á gátt
Stoltur arkar hann inn
haltrar ekkert drengurinn
sæll og rjóður, guð minn góður
gefðu móður hans nú ró

Lærdómsvísur III

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Jól framtíðar: Séra Oddur, draugur framtíðar, er fámáll en Ebenezer tekur lexúna samt til sín og nú loksins iðrast karlinn gjörða sinna.

(.....
.....)
Ætlarðu ekki að segja mér neitt?

(.....
.....)
Hann virðist ekki ætla að segja neitt

Sjálfsagt hefði hann sagt þó við mig
"Sjáðu hvernig fólkið kemur fram við þig
Ætli það sé ennþá hægt að iðrast Ebenezer?"

Hei þú elsku besti Ebenezer
athuga þarftu hver stefna þín er
Ég athuga ætla hver stefna mín er

Líttu þér nær og læra munt þá
lífinu þér þú kastað hefur frá
Allt öðru vísi áður fyrr mér brá

Ég er orðinn gamall og grár
geðillur og orðinn heldur vinfár
Nú er kominn tími til að iðrast Ebenezer

Lokasöngur

Texti

Snæbjörn Ragnarsson

Lag

Snæbjörn Ragnarsson

Ebenezer hefur séð að sér og gerir hvað hann getur til að koma öllu í samt lag. Allir syngja gleðisöng og sagan endar.

Sagan á enda núna er
já og allir skilja sáttir
karl sem var kaldlyndur og þver
er nú kærleiksmaðurinn
Ég vissi að það væri eitthvað gott
og það vall í allar áttir
horfið er háðið og allt spott
já því hann er ástfanginn

alveg hátt upp fyrir haus
Hann er orðinn æðrulaus
hann er algerlega óvitlaus
og ekki lengur vinalaus

Gleðileg jól
nú við höldum jólin hátíðleg
og höndum tökum saman öll sem eitt
Gleðileg jól
og í skapi erum skemmtileg
og skömmumst okkar ekki fyrir neitt
Gleðileg jól
nú við höldum jólin hátíðleg
og höndum tökum saman öll sem eitt
Gleðileg jól til okkar
gleðileg jól til okkar allra
Frændi nú færum við í lag
það sem farið er úr skorðum
byrjum að bæta allt í dag
og allt batnar framvegis
Síðan fær snáðinn nýjan fót
tekur snúning upp á borðum
við fáum verstu meina bót
glænýtt vélinda og bris

jafnvel handlegg eða haus
Hann er orðinn æðrulaus
hann er algerlega óvitlaus
og ekki lengur vinalaus

Gleðileg jól.....

Við komum því til leiðar sem konan okkur bað
og karlgreyið við tuskuðum bæði til og frá
svo gæti hann á endanum gefið öðrum það
sem göfuglyndu fólki er sæmandi ó já

ó já

Læra má af þessu að líklega er þarft
að líta annað slagið í barm og rammar taugar
þannig verður upplitið þrekmikið og djarft
Það er sko á hreinu þótt við séum bara draugar

Gleðileg jól.....

Fólkið mitt ég bið ykkur fyrirgefningar
Ég finn nú hvernig syndirnar ofan af mér lyftast
Bella mín sem beiðst af þér sorg og hremmingar
ég bið þig nú að fhuga, viltu kannski giftast

mér?

Já

Til himins þú nú hefur mér lyft
Og hallelúja nú eruð þið gift

Gleðileg jól.....